

Apríl 2026

Frumathugun vegna sameiningar Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar-
og háskólaráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	<u>5</u>
1.1 Bakgrunnur og saga stofnana	<u>6</u>
1.2 Tilefni og forsendur á málefnasviðið menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis	<u>9</u>
1.3 Markmið, afmörkun og aðferðafræði	<u>10</u>
2. Núverandi staða stofnananna	<u>11</u>
2.1 Lögbundið hlutverk	<u>11</u>
2.2 Skipulag, stjórnaskipulag og stjórnun	<u>20</u>
2.3 Mannauður, sérfræðiþekking og faglegt sjálfstæði	<u>21</u>
2.4 Fjárhagur og rekstrarforsendur	<u>23</u>
2.5 Húsnæði, aðstaða, varðveisla og sýningar	<u>28</u>
2.6 Upplýsingatækni, gagnasöfn og skráning	<u>28</u>
3. Fýsileikamat	<u>29</u>
3.1 Forsendur mats	<u>29</u>
3.2 Valkostagreining	<u>31</u>
4. Mat á ávinningi og áhættuþáttum	<u>34</u>
4.1 Fjárhagsleg áhrif	<u>34</u>
4.2 Mannauðsmál	<u>37</u>
4.3 Aðrir þættir	<u>38</u>
4.4 Lagaumhverfi og stjórnsýsluleg álitamál	<u>39</u>
5. Aðrir sameiningarkostir	<u>40</u>
6. Niðurstaða og næstu skref	<u>41</u>
Heimildaskrá	<u>44</u>
Myndaskrá	<u>45</u>
Viðaukar	<u>46</u>

Útgefandi: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Frumathugun vegna sameiningar Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands

Apríl 2026

Forsíðumynd: Uppgönguhryggur, ljósmynd frá Náttúrufræðistofnun, Eydís Líndal Finnbogadóttir

ISBN XXXXX

mnh@mnh.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2026 Stjórnarráð Íslands

Samandregnar niðurstöður

Tílefni þessarar frumathugunar er allt í senn stefna stjórnvalda um hagræðingu í ríkisrekstri með fækkun stofnana og sú sýn að stærri stofnanir séu almennt hentugri rekstrar-einingar en minni. Þá gefa áralangar hugmyndir um faglega samlegð Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar einnig tílefni til gera þessa frumathugun. Saga stofnananna er samofin en um eina og sömu stofnunina að ræða þar til lög um Náttúruminjasafnið voru sett árið 2007. Frá stofnun Náttúruminjasafns Íslands hefur sjónarmiðum um mögulega faglega samlegð stofnananna ítrekað verið haldið á lofti innan stjórnsýslunnar eins og m.a. skýrslur Ríkisendurskoðunar bera með sér. Erfið fjárhagsstaða Náttúruminjasafnsins gefur að auki enn frekara tílefni til að kanna hvort tækifæri séu til að tryggja rekstrinum og hlutverki stofnunarinnar betri farveg.

Sérstaða Náttúruminjasafns Íslands sem höfuðsafns á sviði náttúrfræða á sér ekki hliðstæðu í hlutverki eða lögum Náttúrufræðistofnunar þó þar komi til skörun varðandi söfnun, skráningu og varðveislu gripa og safnkosts sem almennt er undirstaða þeirra rannsókna og miðlunar sem báðar stofnanir stunda. Greining stýrihópsins staðfestir að báðar stofnanir gegna samfélagslega mikilvægu hlutverki en að tækifæri séu til umbóta.

Stærð og staða stofnananna tveggja er ólík hvað varðar fjárhag, húsnæðiskost og starfsmannafjölda. Ljóst er að Náttúruminjasafnið glímir við uppsafnaðan rekstrarhalla og hefur ekki verið tryggt nægilegt fjármagn til að flytja í nýtt húsnæði og ljúka gerð nýrrar grunnsýningar. Nú þegar hafa stjórnvöld fjárfest í innviðum vegna nýrra höfuðstöðva Náttúruminjasafns Íslands að Safnatröð á Seltjarnarnesi þar sem fyrirhuguð er nútímaleg sýningar- og fræðslustarfsemi. Mikilvægt er að ljúka því verkefni og að á Seltjarnarnesi verði samastaður safnastarfs og þekkingarmiðlunar á sviði náttúruvísinda. Stýrihópurinn bendir á að áralangur fjárhagsvandi Náttúruminjasafnsins verður ekki leystur með sameiningu einni og sér, frekari ráðstafanir þurfa til að koma.

Niðurstöður stýrihópsins eru að staða Náttúruminjasafnsins sé með þeim hætti að óbreytt ástand sé ekki forsvaranlegt. Nauðsynlegt er að bregðast við, þá sérstaklega varðandi rekstrarforsendur.



Ávinningur sameiningar

Bætt stoðþjónusta og innviðir fyrir Náttúruminjasafn Íslands

Betri nýting húsnæðis, lægri kostnaður

Til lengri tíma má áætla 100-150 m.kr. árlega hagræðingu

Öflugri þjónusta við samfélagið; varðveisla, rannsóknir og fjölbreytt miðlun

Valkostagreining stýrihópsins staðfestir að ávinningur hlytist af frekara samstarfi stofnananna. Greining hópsins ber einnig með sér að samfélagslegur ávinningur yrði meiri af sameinaðri og öflugri þekkingarstofnun sem hefði heildstætt þjónustuhlutverk við samfélagið varðandi söfnun, skráningu, vöktun, rannsóknir og miðlun á upplýsingum og þekkingu um náttúru Íslands sem og varðveislu vísindasafna og annars safnkosts. Fjárhagleg hagkvæmni til lengri tíma hlytist af betri nýtingu húsnæðis beggja stofnana, mannauði, innviðum og stoðþjónustu. Komi til sameiningar leggur stýrihópurinn til að Náttúruminjasafnið verði áfram höfuðsafn á sviði náttúrufræða og að nafni þess, safnstjóra og hlutverki verði haldið innan sameinaðrar stofnunar.

Stýrihópurinn leggur til að skýrsla þessi verði kynnt hagaðilum og kallað eftir sjónarmiðum þeirra verði tekin ákvörðun um sameiningu.

Í viðauka 6 má finna bókun frá forstöðumanni Náttúruminjasafns Íslands. Í bókuninni leggur forstöðumaður áherslu á að ákveðnir þættir þarfnist nánari skoðunar áður en ákvörðun verður tekin um mögulega sameiningu Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar, þá sérstaklega fýsileiki sameiningar allra höfuðsafna landsins. Um aðra sameiningarkosti er fjallað í kafla 5 í skýrslu þessari.

Tillögur um næstu skref – markvissar aðgerðir

Til skemmri tíma

- Áætlun um aukið samstarf, samnýting húsnæðis, safnkosts o.fl.
- Áætlun varðandi rekstur og fjármögnun Náttúruminjasafnsins
- Nútímalegt safna- og miðlunarstarf hafið að Safnatröð, Seltjarnarnesi

Til lengri tíma

- Árangur aukins samstarfs metinn
- Tillögur um mögulega sameiningu og nauðsynlegar lagabreytingar



1. Inngangur

Frumathugun þessi er unnin í samræmi við stefnu stjórnvalda um að fækka stofnunum m.a. með sameiningum. Helstu rök fyrir sameiningum stofnana með faglega samlegð eru að stærri einingar séu betur til þess fallnar að sinna kjarnaverkefnum og veita góða þjónustu. Þá eru stærri einingar almennt betri rekstrareiningar. Stefna stjórnvalda byggir á því viðmiði að stofnanir hafi að jafnaði ekki færri en 50 stöðugildi.

Hugmyndir um sameiningu og samlegð verkefna Náttúru-minjasafns og Náttúru-fræðistofnunar eru ekki nýjar af nálinni. Í greinargerð þeirri er fylgdi lögum um Náttúru-minjasafn Íslands nr. 35/2007 gerði löggjafinn ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands yrði bakhjarl safnsins og að með stofnununum yrði náð samstarf m.a. á sviði rannsókna og safnkosts. Þá fjallaði Ríkisendurskoðun um samlegð þessara tveggja stofnana í skýrslum árin 2012, 2015 og 2018.

Þann 14. nóvember 2025 skipaði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra stýrihóp til að gera frumathugun á mögulegri sameiningu Náttúru-minjasafns Íslands og Náttúru-fræðistofnunar. Nánar tiltekið var hlutverk hópsins að greina starfsumhverfi stofnananna og draga saman grunnupplýsingar um mannauðsmál, húsnæðismál, upplýsingatækni, fjármál o.fl., meta rekstrarleg, fagleg og samfélagsleg rök fyrir sameiningu, meta áhrif sameiningar á starfsemi beggja stofnana, taka saman helstu álitamál og gera tillögu til ráðherra um næstu skref.

Hópin skipuðu Vilhelmína Jónsdóttir tilnefnd af menningar-, nýsköpunar- og háskóla-ráðuneyti, Magnús Guðmundsson tilnefndur af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og forstöðumenn beggja stofnana, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstjóri Náttúrufræðistofnunar og Ragnhildur Guðmundsdóttir forstöðumaður Náttúru-minjasafns Íslands.

Frumathugun þessari var lokið þann 15. apríl 2026.

1.1 Bakgrunnur og saga stofnana

Segja má að saga og tilurð þeirra stofnana sem skýrsla þessi fjallar um, og fyrirrennara þeirra, sé samofin. Náttúrufræðistofnun Íslands á rætur að rekja til náttúrugripasafns sem áhugafólk um náttúrufræði og síðar Hið Íslenska náttúrufræðifélag (HÍN) stofnaði árið 1889. Árið 1908 fékk náttúrugripasafnið til umráða sýningarsal í Safnahúsinu við Hverfisgötu ásamt nokkru geymslurými. Náttúrugripasafnið starfaði í Safnahúsinu allt til ársins 1960.

Árið 1942 samþykkti Háskóli Íslands að reisa hús fyrir náttúrugripasafnið á lóð sinni og nota til þess ágóða af happdrættisfé sínu en gert var ráð fyrir að þar færu einnig fram kennsla og rannsóknir í náttúruvísindum. HÍN afhenti ríkinu safnkost sinn árið 1947 ásamt byggingarsjóði félagsins sem átti að nota til byggingar slíks húss.

Fjórum árum síðar, eða árið 1951, voru sett lög um Náttúrugripasafn Íslands. Ekkert varð að byggingu safna-, kennslu og rannsóknarhúss á lóð Háskólans og árið 1960 var safninu lokað vegna þrengsla í Safnahúsinu.

Árið 1965 tóku gildi lög um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt þeim hafði stofnunin nú bæði miðlunar- og rannsóknarhlutverk. Með lögum nr. 48/1965 um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) tók NÍ við verkefnum og safngripum náttúrugripasafnsins. Í samræmi við nafnabreytinguna fengu rannsóknir aukið vægi og skyldi stofnunin einkum vera miðstöð vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands og vinna að þeim. Stofnunin skyldi einnig koma upp fullkomnu vísindalegu safni íslenskra og erlendra náttúrugripa og varðveita það og koma upp sýningarsafni sem yrði opið almenningi. Árið 1967 var safnið opnað í húsnæði við Hlemmtorg í Reykjavík.

Við stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 færðist Náttúrufræðistofnun Íslands frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytisins. Í kjölfarið tóku gildi ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992. Lögin tóku mið af áformum ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands að efna til Náttúruhúss í Vatnsmýrinni sem m.a. skyldi hýsa safn. Með lögunum frá 1992 var jafnframt felld niður sú lögbundna skylda Náttúrufræðistofnunar að standa fyrir sýningum. Stofnunin dró þar með úr sýningarstarfsemi þó sýningarsölum við Hlemmtorg hafi verið haldið opnum allt til ársins 2008.

Samkvæmt lögunum frá 1992 hafði NÍ áfram viðtækt safnahlutverk en m.a. skyldi stofnunin annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands, varðveita náttúrugripi og byggja upp aðgengilegt gagnasafn um náttúru landsins. Þá skyldi hún styðja við uppbyggingu sýningar- safna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá var stofnuninni heimilt að gerast aðili að „sýningar- söfnum“ sem rekin væru af öðrum en ríkinu, aðstoða við gerð sýninga og lána gripi úr söfnum sínum til lengri eða skemmri tíma. Vegna þessa ákvæðis var sérstaklega höfð í huga aðkoma stofnunarinnar að áður nefndu Náttúruhúsi. Af áformum um Náttúruhús í Vatnsmýrinni varð ekki.

Árið 2001 öðluðust gildi ný safnalög nr. 106/2001. Þetta voru fyrstu heildarlögin um safnastarfsemi hér á landi þar sem m.a. komu fram skilgreiningar á hugtökunum safn og höfuðsafn. Safn var skilgreint sem „stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýningar svo þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar“. Höfuðsöfn í eigu ríkisins skyldu vera þrjú og yrðu þau miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Höfuðsöfnin eru Þjóðminjasafn Íslands,

Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Náttúruminjasafnið hafi þó á þessum tíma ekki verið stofnað en til stóð að setja það á laggirnar á næstu tveimur árum. Af stofnun Náttúruminjasafns varð þó ekki fyrr en við gildistöku laga nr. 35/2007. Í safnalögum frá 2001 var Náttúruminjasafnið eitt höfuðsafna sem ekki hafði rannsóknarskyldu. Við meðferð málsins hjá Alþingi kom þáverandi forstjóri Náttúrufræðistofnunar þeim sjónarmiðum á framfæri að yrði Náttúruminjasafninu gert að annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru fengi það að mögu leyti sama hlutverk og Náttúrufræðistofnun. Enn fremur sagði í álitinu að ótækt væri að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar, enda fæli hún í sér kjölfestuna í allri starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í umsögnum við frumvarpið var einnig bent á þau sjónarmið að óæskilegt væri að flytja yfirumsjón með náttúru-gripasöfnum frá umhverfisráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Um framangreinda laga- og stofnanaumgjörð segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2012:

Í þessum orðum kristallast sú togstreita sem æ síðar hefur einkennt umræðu um Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands og samskipti þeirra. Er mögulegt að skipta verkum með þessum náskyldu stofnunum, sem báðar gera um margt tilkall til sömu arfleifðar, stöðu, verkefna og rannsóknarmuna, og mynda tvær sjálfstæðar og fullburða einingar eða hljóta þær óhjákvæmilega að draga afl hvor frá annarri og jafnvel ógna rekstrar- og tilverugrundvelli hvor annarrar? Er eðlilegt að Náttúruminjasafnið sinni rannsóknum á íslenskri náttúru og Náttúrufræðistofnun safnastarfsemi? Er með góðu móti unnt að skipta þeim náttúrumunum sem Náttúrufræðistofnun varðveitir í „vísindagripi“ annars vegar og „sýningargripi“ hins vegar?

Á þetta sama var einnig bent í skýrslu Capacent ráðgjafar fyrir umhverfisráðuneytið árið 2009. Þar var bent á að þó að mismunandi sérfræðipækkingu þurfi annars vegar til að sýna og fræða en að safna og rannsaka sé full ástæða til að endurskoða löggjöf um Náttúruminjasafnið, sem þá var aðeins tveggja ára gömul, með það að markmiði að nýta betur fjármuni ef safnið yrði hluti af Náttúrufræðistofnun.

Þegar lög um Náttúruminjasafn Íslands voru sett árið 2007 var löggjafanum ljóst að ákveðin skörun var með hlutverki safnsins og Náttúrufræðistofnunar Íslands, sérstaklega varðandi rannsóknir og söfnun muna og gripa. Með lögunum hafði Náttúruminjasafnið vissulega rannsóknarskyldu, líkt og önnur höfuðsöfn, en engu að síður virðist löggjafinn hafa gengið út frá því að safnið sjálft myndi ekki sinna því hlutverki. Þannig er í 3. gr. laga um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007, sbr. og greinargerð þeirri er fylgdi lögunum, gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands yrði vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins. Eins var talið æskilegt að stofnanirnar tvær myndu kanna möguleika á því að sameinast um húsnæði og aðstöðu fyrir starfsemina. Í gildandi lögum um Náttúrufræðistofnun er ekki fjallað um þetta hlutverk og tengsl við Náttúruminjasafnið.

Samkomulag milli stofnananna var undirritað í október 2012 og snérist það meðal annars um aðgengi Náttúruminjasafnsins að munum í vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar, að Náttúruminjasafnið hefði starfsaðstöðu hjá Náttúrufræðistofnun og aukið samstarf.



Úr varðveislurými
Náttúrfræðistofnunar,
Urriðaholti Garðabæ

Skemmst er frá því að segja af þessu nána samstarfi og samrekstri varð ekki og voru samskipti stofnananna um langt skeið stíð. Skýrist það aðallega af mismunandi túlkun á lögunum og samkomulaginu, helst varðandi skörun verkefna og forræði gripa. Í ljós hefur komið að vandasamt er að skilgreina hvort gripir hafi fyrst og fremst sýningargildi eða vísindagildi. Geirfuglinn er gott dæmi um þetta því hann hefur mikið sýningargildi sem útdauð tegund og í umræðu um líffræðilega fjölbreytni. Að sama skapi hefur hann mikiðvísindalegt gildi og varðveislugildi hans er gífurlegt sem eitt af fáum eintökum sem til eru í heiminum.

Í október 2022 undirrituðu forstöðumenn beggja stofnana, Náttúrfræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, nýtt samkomulag þar sem skerpt var á samstarfinu. Með samkomulaginu var ætlunin að láta reyna betur en áður á samstarf stofnanna og skýra hlutverk þeirra. Með nýju samkomulagi var mælt fyrir um að Náttúrfræðistofnun afhenti Náttúruminjasafni lista yfir sýningagripa sína. Sú skrá var afhent árið 2023. Þá var einnig samið um hlutverk Náttúruminjasafns sem einskonar umsjónaraðila vegna lána gripa Náttúrfræðistofnunar til annarra safna. Samstarf um þetta verkefni hefur verið flókið og er í hyggju að endurskoða eða endurskilgreina þennan þátt þess.

Við gildistöku laga um Náttúrfræðistofnun og náttúrustofur nr. 54/2024, þann 1. júlí 2024, urðu enn breytingar hjá Náttúrfræðistofnun Íslands þegar hún var sameinuð við Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn í nýja stofnun sem fékk nafnið Náttúrfræðistofnun (NÁTT). Með sameiningunni var ætlunin að styrkja enn frekar hlutverk þeirra stofnana sem sameinuðust. Allar höfðu stofnanirnar til að mynda skýrt miðlunarhlutverk og var því viðhaldið í nýrri stofnun.

Ljóst er að lögbundið hlutverk beggja stofnana, þ.e. Náttúruminjasafns Íslands og nýrrar Náttúrfræðistofnunar, skarast með ákveðnum hætti við að rannsaka og miðla upplýsingum um náttúru Íslands. Um leið eru ákveðnir þættir sem greina stofnanirnar að, eins og nánar verður fjallað um í kafla 2.1.

1.2 Tilefni og forsendur á málefнасviði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis

Eins og að framan greinir er tilefni þessarar frumathugunnar m.a. skörun á hlutverki og verkefnum umræddra stofnana, aukin krafa um samþættingu rannsókna, varðveislu og miðlunar þekkingar. Tilefnið er einnig stefna stjórnvalda um fækkun stofnana og betri nýtingu opinbers fjár.

Eins og áður hefur verið nefnt eru hugmyndir um sameiningu og samlegð stofnana á sviði náttúrurannsókna og miðlunar verið á sveimi um árabíl og var m.a. fjallað um þær í skýrslum Ríkisendurskoðunar frá 2012, 2015 og 2018 er varða Náttúruminjasafnið sérstaklega. Í skýrslunum var ítrekað bent á að verkefni Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar sköruðust m.t.t. söfnunar, varðveislu, rannsókna og miðlunar.

Að auki má benda á að í skýrslu frá 2021 hvatti Ríkisendurskoðun sérstaklega til sameiningar og aukinnar samvinnu fámennra stofnana, m.a. á sviði safna- og menningarmála. Um það sagði:

Ríkisendurskoðun telur ástæðu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti að skoða nánar hvort grundvöllur er fyrir aukinni hagræðingu í starfsemi safna á þess vegum með sameiningum eða aukinni samvinnu. Það er engum vafa undirorpið að smæð minnstu safnanna leiðir af sér rekstrarlegt óhagræði í vissum þáttum starfseminnar. Er þá sérstaklega horft til yfirstjórnunar og rekstur stoðþjónustu sem ástæða er til að kanna hvort reka megi í sameiningu.

Þá sendi þáverandi forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn, dags. 7. janúar 2022, um forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna. Þar tilgreindi forstöðumaður rök fyrir því að kanna fýsileika þess að „samræma eða sameina“ starfsemi Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar. Í umsögninni var einnig teft fram sjónarmiðum þess efnis að starfsemi Náttúruminjasafnsins ætti fremur að heyra undir málefnasvið umhverfismála en menningar. Þessi sjónarmið ítrekaði fyrrum forstöðumaður í bréfi til menningar- og viðskiptaráðuneytisins þann 9. október 2023.

Erfið fjárhagsstaða Náttúruminjasafnsins, sem nánar verður fjallað um í kafla 2.4., hefur einnig gefið ráðuneytinu tilefni til að kanna mögulega sameiningu eða samlegð með öðrum stofnunum. Í úttekt endurskoðenda á fjárreiðum safnsins, sem einnig verður fjallað um í sama kafla, var bent á mögulega sameiningu eða samrekstur safnsins með stærri stofnun sem hluta af mögulegum úrbótum.

1.3 Markmið, afmörkun og aðferðafræði

Markmið þessarar frumathugunar er að leggja faglegt mat á mögulega samlegð eða sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar. Athuginin byggir á greiningu fyrirbyggjandi gagna, sviðsmyndagreiningu og samanburði valkosta. Aftast í skýrslu þessari er að finna skrá heimilda sem hópurinn studdist sérstaklega við í vinnu sinni. Líkt og kemur fram í skipunarbréfi hópsins afmarkast verkefnið við fýsileikakönnun á mögulegri sameiningu Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar. Aðrir sameiningar-möguleikar voru ekki teknir til skoðunar, enda utan hlutverks hópsins.

Eins og áður greinir var stýrihópurinn skipaður 14. nóvember 2025. Hópurinn fundaði í fyrsta sinn þann 17. desember 2025 og frá og með 7. janúar 2026 vikulega.

Stýrihópurinn heimsótti báðar stofnanir þann 4. febrúar 2026. Starfsstöð Náttúruminjasafnsins við Bygggarða á Seltjarnarnesi var heimsótt, sem og nýtt húsnaði við Safnatröð og einnig starfsstöð Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti í Garðabæ.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. safnalaga nr. 141/2011, skal Safnaráð vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni safna. Með vísan til þessa var Safnaráð, með tölvupósti dags. 14. janúar 2026, upplýst um vinnu stýrihópsins og boðið að koma sjónarmiðum á framfæri. Stýrihópurinn fundaði með framkvæmdastjóra Safnaráðs þann 18. febrúar 2026 en forstöðumönnum hinna tveggja höfuðsafna landsins var einnig boðið til fundarins og tók þjóðminjavörður þátt í fundinum. Safnaráð og höfuðsöfnin sendu stýrihópnum í kjölfarið samantekt um sjónarmið sín sem finna má í viðauka 4.

Í ljósi þess að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á stöðu Náttúruminjasafns Íslands með skýrslu til Alþingis árið 2012, og eftirfylgni árin 2015 og 2018 þá upplýsti menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið stofnunina um vinnu stýrihóps um gerð frumathugunar um mögulega sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar.

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur og fyrrum framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs og fyrrum skrifstofustjóri í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti aðstoðaði hópinn með lögfræðigreiningu um hlutverk stofnananna.



2. Núverandi staða stofnananna

2.1 Lögbundið hlutverk

Í kafla 1.1. hér að framan er saga og tilurð beggja stofnana rakin. Þar kemur fram að starfsemin hafi ekki verið aðskilin fyrr en með stofnun Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt lögum frá 2007. Frá upphafi var ljóst að ákveðin skörun var á hlutverki beggja stofnana og við meðferð málsins raunar lýst efasemdum um að gerlegt væri að aðskilja hlutverkið í tvær stofnanir. Báðar stofnanir starfa á grundvelli laga, með hlutverk á sviði náttúruvísinda, menningararfs og fræðslu. Hér á eftir fer umfjöllun um lögbundið hlutverk hvorrar stofnunar sem og með hvaða hætti hlutverk og verkefni þeirra skarast.

Náttúrufræðistofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands var sett á fót með lögum árið 1965, sbr. lög nr. 48/1965 um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, en starfsemin á sér þó enn lengri sögu eins og rakið er í kafla 1.1. hér að framan. Síðan þá hefur löggjöf sem skilgreinir verkefni og hlutverk stofnunarinnar breyst nokkrum sinnum, síðast þann 1. júlí 2024 þegar Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn urðu hluti af stofnuninni, sbr. lög nr. 54/2024. Með sömu lögum var nafni stofnunarinnar breytt og heitir hún nú Náttúrufræðistofnun. Stofnunin heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Lögbundið hlutverk og verkefni Náttúrufræðistofnunar eru aðallega skilgreind í áðurnefndum lögum um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur nr. 54/2024, en einnig í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Meginhlutverk stofnunarinnar er að stunda undirstöðurannsóknir á náttúru Íslands, vinna staðfræðilegar grunnupplýsingar um landið, auk þess að reka náttúruannsóknastöð við Mývatn, sbr. 1. gr. laga nr. 54/2024.

Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru þannig skilgreind í 3. gr. laganna:

1. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,
2. að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru,
3. að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda,
4. að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings,
5. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna,
6. að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla,
7. að sjá um fuglamerkingar og hefur stofnunin ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi,
8. að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum,
9. að skrá berg- og jarðgrunna landsins kerfisbundið,
10. að skrá náttúruminjar, annast mat á verndargildi þeirra og hafa umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár,
11. að bera ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra,
12. að annast uppbyggingu og viðhald viðmiðana og aðgengilegs landshnitakerfis og hæðarkerfis fyrir allt Ísland,
13. að hafa frumkvæði að gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga,
14. að gera og viðhalda landupplýsingum um vatnafar, yfirborð, vegi og samgöngur, örnefni úr örnefnagrunni, stjórnsýslumörk, mannvirki, hæðarlínur og hæðarpunkta,
15. að fara með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. að sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar,
16. að skrá og viðhalda örnefnagrunni í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; innihald gagnagrunnsins skal vera aðgengilegt gjaldfrjálst og almenningi skal gert kleift að skrá örnefni í grunninn,
17. að gera og viðhalda stafrænum landupplýsingagrunnum í samráði við viðeigandi stjórnvöld,
18. að sinna öðrum verkefnum samkvæmt sérlögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og heyrir undir menningar- háskóla- og nýsköpunarráðuneytið. Náttúruminjasafnið var stofnsett með lögum árið 2007, en rætur stofnunarinnar má rekja allt aftur til seinni hluta nítjándu aldar eins og rakið er hér að framan.

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands og verkefni eru skilgreind annars vegar í lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og hins vegar í safnalögum, nr. 141/2011, en hin síðarnefndu kveða á um þann ramma sem gildir um starfsemi safna hér á landi, þ.m.t. um hlutverk og ábyrgð höfuðsafna.

Í 1. gr. laga um Náttúruminjasafn Íslands segir að safnið sé eign íslenska ríkisins og höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Samkvæmt 2. gr. er það hlutverk safnsins að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Jafnframt eru í lögnum eftirfarandi verkefni safnsins tilgreind:

- Safna munum sem henta starfsemi Náttúruminjasafnsins, skrá þá og varðveita.
- Afla upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan.
- Annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru.
- Miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.
- Annast rannsóknir á starfssviði sínu.
- Veita öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu þeirra hér á landi og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.
- Eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

Í 3. gr. laganna kemur fram að Náttúrufræðistofnun sé vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins. Stofnanirnar skulu hafa með sér náð samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra. Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands er ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess. Í lögum um Náttúrufræðistofnun er ekki minnst á þetta hlutverk stofnunarinnar.

Í safnalögum er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn, sbr. 1. gr. laganna. Lögin taka til safna í eigu ríkisins og til annarra safna sem eru viðurkennd samkvæmt safnalögum, sbr. 1. mgr. 2. gr. Söfn í skilningi 3. gr. safnalaga eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Skilyrði er að þau séu opin almenningi og taki endurgjaldslaust á móti skólahópum.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda. Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

Í 8. gr. safnalaga kemur fram að höfuðsöfnin séu þrjú, þ.e. Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Höfuðsöfn skulu vera í eigu ríkisins og eru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Þau eru stofnuð með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra, sbr. 1. mgr. 4. gr. safnalaga. Skyldur höfuðsafna samkvæmt 8. gr. eru:

- Að hafa forystu í málefnum safna á sínu sviði.
- Að stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi.
- Leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila.
- Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safn.
- Höfuðsöfn skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan.

Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.



Uppstoppaður geirfugl á sýningu Náttúruminjasafnsins í Safnahúsinu árið 2017. Geirfuglinn er hluti af safnkosti Náttúrufræðistofnunar og hefur mikið vísinda- og sýningargildi.

Eins og framangreind lagaákvæði bera með sér er ákveðin skörun þegar kemur að lögbundnum verkefnum Náttúrufræðistofnunar og Náttúru-minjasafns Íslands. Ákvæðin bera þó með sér ólík hlutverk stofnanna, þá aðallega í hvaða tilgangi verkefnum á sviði söfnunar, skráningar, varðveislu og rannsókna er sinnt. Í eftirfarandi köflum verður sérstaklega fjallað um og gerður samanburður á einstaka þáttum í starfsemi beggja stofnana.


a) Söfnun, skráning og varðveisla

Rannsóknir og vöktun er grundvallarþáttur í starfsemi Náttúrufræðistofnunar auk umfangsmikilla verkefna á sviði landupplýsinga, landmælinga og skráningar gagna um náttúru landsins. Stofnunin hefur einnig ákveðnar skyldur til söfnunar, skráningar og varðveislu náttúruminja. Gagna- og náttúru-minjasöfn stofnunarinnar, sem mynda safnkost hennar, falla ekki undir ákvæði safnalaga þó safnkosturinn, eða hluti hans, kunni einnig að hafa varðveislugildi út frá sjónarhóli náttúruminja og safnalaga. Safnkostur Náttúrufræðistofnunar er einnig til þess fallinn að vera grundvöllur að rannsóknum og miðlun í starfsemi Náttúru-minjasafnsins, enda hafa stofnanirnar átt með sér samstarf um safnkostinn, þar með talið um lán á gripum á sýningar Náttúru-minjasafnsins.

Náttúrufræðistofnun er nánar tiltekið ætlað að varðveita náttúrugrip, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru, að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru, skrá berg- og jarðgrunna landsins kerfisbundið og styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Að auki hefur stofnunin hlutverk við að skrá og viðhalda örnefnagrunni, í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en örnefni eru óáþreifanlegur menningararfur. Samkvæmt þessu er hlutverk Náttúrufræðistofnunar á sviði söfnunar og skráningar gagna yfirgripsmikið og er stofnuninni í raun ætlað að byggja upp heildaryfirlit yfir tilvist slíkra gagna um náttúru landsins. Ljóst er að slíkur safnkostur hefur ekki aðeins varðveislugildi vegna rannsóknarhagsmuna heldur einnig sem hluti af náttúruarfleifð landsins sem er nauðsynleg til miðlunar og fræðslu til almennings.

Með vísan til framangreinds má greina ákveðna skörun við lögbundið hlutverk Náttúru-minjasafnsins. Samkvæmt 2. gr. laga um Náttúru-minjasafn Íslands er það hlutverk safnsins að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Þá segir þar jafnframt að safnið safni munum sem henta starfsemi þess, skrái þá og varðveiti. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Náttúru-minjasafn Íslands veitir öðrum náttúru-minjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Tilvitnuð lagaákvæði bera með sér að grunnstarfsemi Náttúru-minjasafnsins lýtur fyrst og fremst að varðveislu- og miðlunarhlutverki þess þegar kemur að íslenskri náttúru. Miðlunarhlutverkinu sinnir safnið m.a. með sýningarstarfsemi og fjölbreyttri fræðslustarfsemi til almennings. Til að sinna slíku hlutverki af kostgæfni þarf safnið að hafa aðgang að grunnupplýsingum um íslenska náttúru, gagnasafni og viðeigandi safnkosti, sem Náttúrufræðistofnun heldur utan um í sinni starfsemi.



Refakjálkar úr safni
Náttúrufræðis-
stofnunnar

Báðar stofnanir skulu safna, skrásetja og varðveita gripi, sýni og upplýsingar um náttúru Íslands sem þjóna starfsemi þeirra. Í tilfelli Náttúrufræðistofnunar er þessum verkefnum fyrst og fremst sinnt í rannsóknartilgangi og til uppbyggingar þekkingargrunna en í tilfelli Náttúruminjasafnsins er tilgangurinn fyrst og fremst fjölbreytt miðlun til almennings með sýningar- og fræðslustarfsemi.

Í lögum um Náttúruminjasafn Íslands er gert ráð fyrir samstarfi stofnananna varðandi þessa þætti. Af því samstarfi hefur orðið varðandi ákveðna þætti með samkomulagi milli stofnananna. Tækifæri eru til að ná fram betri samlegð milli stofnananna varðandi safnkostinn. Slíkt má gera með nýju samkomulagi milli stofnana eða kveða skýrar á um hlutverk og samstarf með lagabreytingu.

b) Rannsóknir

Í lögum um báðar stofnanir er þeim falið rannsóknarhlutverk. Rannsóknarhlutverk stofnananna og möguleg skörun þess var töluvert til umfjöllunar við setningu laga um Náttúruminjasafnið frá 2007 og nánar er rakið hér að framan. Þá var einnig fjallað um rannsóknarhlutverk og skörun þar á milli í skýrslum Ríkisendurskoðunar 2012, 2015 og 2018. Sú umfjöllun verður ekki endurtekin en vísað til þeirra sjónarmiða sem áður hafa verið rakin.

Eins og fram kemur í 3. gr. laga um Náttúruminjasafnið, og lögskýringargögn staðfesta, gerði löggjafinn ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun yrði vísindalegur bakhjarl safnsins og að það myndi aðeins að takmörkuðu leyti standa sjálft fyrir rannsóknum. Raunin er þó sú að báðar stofnanir stunda rannsóknir, þó þær séu með ólíkum hætti en þar greinir fyrst og fremst á milli í hvaða tilgangi rannsóknirnar eru stundaðar. Megin tilgangur rannsóknarstarfs Náttúruminjasafnsins liggur þannig í miðlunar- og menningartengdu hlutverki þess, þ.e. að þar sé varpað ljósi á samspil manns og náttúru og stundaðar rannsóknir tengdar sýningargripum, sýningarhaldi, fræðslu og miðlun. Rannsóknarhlutverk Náttúrufræðistofnunar snýr hins vegar að grunnrannsóknum og vöktun á náttúru landsins. Skilin þarna á milli geta verið óljós og lagaákvæðin opin fyrir túlkun.

Um Náttúruminjasafn Íslands



Viðburður á vegum Náttúruminjasafnsins á sýningunni Vatnið í náttúru Íslands

Vatnið í náttúru Íslands, er föst grunnsýning á 2.hæð Perlunnar. Sýningin fjallar um ferska vatnið í náttúru landsins og tekur jafnt á því hvernig vatnið mótar landið og lífríkið ásamt því að fjalla um vatn í veðri. Árið 2023 voru gestir 390 þús., en þar af voru erlendir gestir 95%. Á ári hverju tekur Náttúruminjasafnið á móti um tvö til þrjú þúsund nemendum af höfuðborgarsvæðinu á öllum skólastigum sem hljóta fræðslu byggða á sýningunni.

Fyrirhuguð grunnsýning í Náttúruhúsi á Nesi mun kallast *Hafið* og fjallar um hafið umhverfis Ísland, vernd þess, líffræðilega fjölbreytni og loftslagsbreytingar. Með nýrri grunnsýningu í viðeigandi húsnæði fær safnið vettvang til að miðla enn frekari upplýsingum og fróðleik um náttúru Íslands til almennings og skólasamfélagsins með sýningu, fyrirlestrahaldi, viðburðum og annarri fræðslustarfsemi.

Ár	Fjöldi nemenda
2023	2858
2024	3159
2025	1648

Nálægð Náttúruhússins við Nesstofu opnar tækifæri til notkunar og sýningarhalds í Nesstofu. Nesstofa er hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins. Náttúruhúsið, Nesstofa og friðlandið munu mynda skemmtilega umgjörð þar sem einstakt tækifæri gefst til fjölbreyttrar miðlunar um íslenska náttúru, menningu og sögu.

c) Sýningahald, fræðsla og miðlun

Eins og áður hefur komið fram er Náttúrufræðistofnun lögum samkvæmt ætlað að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá getur Náttúrufræðistofnun með leyfi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr vísindasöfnum sínum um lengri eða skemmri tíma. Stofnunin stendur hins vegar ekki sjálf fyrir sýningum sem opnar eru almenningi.

Náttúrufræðistofnun stendur fyrir öflugri miðlun á ýmsum gagnasöfnum og upplýsingum um náttúru Íslands, meðal annars í gegnum vefsíðu sína. Sem dæmi má nefna eru vefsíður stofnunarinnar um annars vegar fjókornamagn í lofti og hins vegar um smádýr mjög vel sóttar. Að auki rekur stofnunin kortasjár með yfir 1000 gagnalögum um náttúru, mannvirki og menningu.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og annast fræðslu og miðlun fyrir almenning. Hlutverk þess er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi, sem og að miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.

Söfn í skilningi safnalaga nr. 141/2011 eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Skulu þau vera opin almenningi. Sem höfuðsafni ber Náttúruminjasafninu einnig að veita öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu þeirra hér á landi og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Samkvæmt upplýsingum frá Safnaráði eru um 10 viðurkennd söfn sem starfa á málefnasviði Náttúruminjasafnsins og njóta ráðgjafar þess.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands segir að safnkostur safnsins ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar verði undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess og annarra aðila. Með safnkosti sé átt við muni og minjar sem varðveitt eru á safninu. Gert sé ráð fyrir að safnið geti nýtt gripi úr vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar í tengslum við sýningarhald ásamt aðstoð og þekkingu sérfræðinga stofnunarinnar. Til að tryggja nána samvinnu milli Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að auka enn á samnýtingu á geymslu gripa, forvörslu og rannsóknaraðstöðu.

Svipuð ummæli er að finna í greinargerð frumvarps til safnalaga en þar segir m.a. um 8. gr.: „Í 4. mgr. segir að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Einnig er lögð áhersla á að hann sé aðgengilegur öllum fræðimönnum, innan safns og utan, til rannsókna eftir þörfum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að vísindasöfn Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ásamt safnkosti Náttúruminjasafns Íslands undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess skv. 3. gr. laga um safnið.“

Náttúrufræðistofnun miðlar þekkingu og upplýsingum um náttúru Íslands, m.a. með því að byggja upp öflug og aðgengilega gagnagrunna og kortasjár. Þessi miðlun er ólík miðlunar-hlutverki Náttúruminjasafnsins sem með nokkurri einföldun má segja að felist í því að miðla og fræða almenning um náttúru landsins í samfélags- og menningarsögulegu tilliti.

Sérþekking Náttúruminjasafnsins á miðlun til almennings, þ.m.t. skólasamfélagsins, gæti gefið sameinaðri stofnun aukinn slagkraft til fjölbreyttari miðlunar á þekkingu og rannsóknum sem báðar stofnanir stunda. Þannig gætu falist tækifæri til fjölbreyttari miðlunar með auknu samstarfi eða sameiningu stofnananna.

d) Skipun og ábyrgð forstöðumanna


Orðalag ákvæða um skipan forstöðumanna Náttúrufræðistofnunar annars vegar og Náttúruminjasafns Íslands er ólíkt. Annar ber starfsheitið forstjóri en hinn safnstjóri. Báðir skulu skipaðir til fimm ára en einungis er heimilt að endurnýja skipun safnstjóra Náttúruminjasafnsins einu sinni. Engar slíkar takmarkanir eru á því hversu oft má endurnýja skipan forstjóra Náttúrufræðistofnunar. Báðir skulu hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Forstöðumenn beggja stofnana bera ábyrgð m.a. á grundvelli laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Samkvæmt þeim lögum ber forstöðumaður ábyrgð á að stofnun starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.



Nýtt hús Náttúruminjasafn Íslands við Safnatröð á Seltjarnarnesi


2.2 Skipulag, stjórnskipulag og stjórnun

Skipurit Náttúrufræðistofnunnar



Skipurit Náttúrufræðistofnunnar er sett fram með þremur fagsviðum (rautt) en til stuðnings þeim eru þverfagleg svið landupplýsinga, reksturs og mannauðs, upplýsingatækni, vísindasafna og miðlunar. Þvert á alla stofnunina starfar svo náttúruverndarsvið sem m.a. ber ábyrgð á umsögnum stofnunarinnar ásamt forstjóra. Sviðstjórar eru yfir öllum sviðum og heyra beint undir forstjóra. Hjá stofnuninni er mikilvæg stoðþjónusta, s.s. fjármálastjóri, mannauðsstjóri, skjalastjóri, gæðastjóri auk annarra starfsmanna s.s. á sviði upplýsingatækni, safna og miðlunar.

Skipurit Náttúruminjasafn Íslands



Hjá Náttúruminjasafni Ísland eru þrjú kjarnasvið, safnkostur, rannsóknir og miðlun auk miðlægs framkvæmda og rekstrarsviðs. Öll svið heyra undir forstöðumann. Stoðþjónusta Náttúruminjasafnsins er takmörkuð. Sérfræðingur í fjármálum starfar í hlutastarfi, hvorki er sérstakur mannauðsstjóri né skjalastjóri.

2.3 Mannauður, sérfræðiþekking og faglegt sjálfstæði

Mannauður stofnananna einkennist af sérhæfðri fagþekkingu sem nauðsynleg er fyrir lögbundin hlutverk þeirra. Umtalsverður stærðarmunur er á stofnunum þar sem stöðugildi verkaskiptingu, auk þess að styðja við skilvirka stjórnun, faglegt samstarf og markvissa nýtingu mannauðs innan beggja stofnana. Skipurit stofnananna endurspeglar ólíkt hlutverk þeirra.

Stöðugildi hjá Náttúrufræðistofnunar eru 68,5 en við Náttúruvinnuáskafnið eru þau 8,65 í árslok 2025.

Náttúrufræðistofnun

Hjá Náttúrufræðistofnun störfuðu í árslok 2025 76 starfsmenn í 68,5 stöðugildum. Karlar voru 37 talsins en konur 39. Aldurssamsetning starfsfólks endurspeglar fjölbreyttan mannauð stofnunarinnar.

Stór hluti starfsfólks er háskólamenntaður á sviðum á borð við líffræði, jarðfræði, verkfræði, tölvunarfræði og landafræði. Menntunarstig innan stofnunarinnar er hátt; um 55% starfsfólks er með meistaraþróf og um 20% með doktorsþróf. Tveir starfsmenn sem hafa náð 70 ára aldri munu starfa hjá stofnuninni á árinu 2026 í tímabundnum hlutastörfum. Gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn láti af störfum á árinu vegna aldurs, jafnframt því sem þrír nýir starfsmenn eru áætlaðir til starfa hjá stofnuninni á árinu 2026.

Aldursbil	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall
15–24	1	1%
25–34	8	10%
35–44	20	26%
45–54	16	21%
55–64	22	29%
65+	9	12%
Samtals	76	100%

Aldursdreifing starfsfólks
Náttúrufræðistofnunar, árslok 2025

Náttúruminjasafn Íslands

Hjá Náttúruminjasafni Íslands starfa 12 manns með fjölbreyttan bakgrunn í alls 8,65 stöðugildum. Hjá safninu starfar fólk með bakgrunn í jarðfræði, líffræði, landfræði, ritstjórn, kennslu, bókmenntafræði, viðskiptafræði, verkefnastjórnun, hönnun, verkfræði og kvikmyndagerð. Þá hefur starfsfólk víðtæka reynslu af sýningargerð, safnastarfi, móttöku hópa og gerð kennsluefnis ásamt rannsóknum og vísindalegum vinnubrögðum, viðburðahaldi og samvinnu við stjórnvöld. Menntunarstig er hátt en 25% starfsmanna er með doktorspróf, 58% með meistarapróf og 17% með grunngráðu á háskólastigi.

Aldursbil	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall
15–24	0	0%
25–34	2	16%
35–44	4	33%
45–54	2	17%
55–64	2	17%
65+	2	17%
Samtals	12	100%

Aldursdreifing starfsfólks
Náttúruminjasafns Íslands, árslok 2025

2.4 Fjárhagur og rekstrarforsendur

Rekstrarforsendur beggja stofnananna eru ólíkar en báðar reiða sig á opinbera fjármögnun. Rekstrarstaða stofnananna er ólík að því leytinu til að rekstrarstaða Náttúruminjasafnsins er íþyngjandi en safnið er rekið með uppsöfnuðum halla auk þess sem yfirstandandi verkefni varðandi sýningargerð og nýtt húsnæði á Seltjarnarnesi eru fjárfrek. Úttektir Ríkisendurskoðunar benda til þess að litlar og dreifðar rekstrareiningar eigi oft í erfiðleikum með að byggja upp nauðsynlega stoðþjónustu. Greining stýrihópsins á rekstri og ólíkri fjárhagsstöðu stofnanna styður þetta. Tækifæri eru til að styðja betur við stoðþjónustu Náttúruminjasafnsins með t.d. sameiginlegri mannauðs-, fjármála-, tækni- og gagnastjórnun sem gæti aukið hagkvæmni, dregið úr tvíverknaði og styrkt heildargetu hins opinbera á sviði náttúruvísinda og miðlunar.

Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands ríkisaðili í A-hluta/A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérлага. Samkvæmt ársreikningum safnsins hefur afkoma þess versnað á undanförunum árum og tap verið af starfseminni síðastliðin fimm ár.

Náttúruminjasafn Íslands	2021	2022	2023	2024	2025
Fjárveiting ársins	103	126	147	147	151
Önnur framlög og tekjur	15	37	40	67	28
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	21	20	20	20	20
Tekjur samtals	139	183	207	234	199
Laun og launatengd gjöld	150	141	154	159	152
Annar rekstrarkostnaður	56	75	98	193	142
Afskriftir	21	20	20	20	20
Gjöld samtals	227	236	272	372	314
Þar af gjöld vegna nýrrar grunnsýningar	13	18	48	133	76
Afkoma ársins (neikvæð)	(88)	(53)	(65)	(138)	(115)
Afkoma að frádreginni sýningargerð	(75)	(35)	(17)	(5)	(39)

Rekstrarreikningur
Náttúruminjasafn
2021-2025

Á tímabilinu 2021-2025 hefur fjárveiting til safnsins aukist en á sama tíma hefur rekstrarkostnaður einnig aukist og hefur stofnunin verið rekin með halla öll framangreind ár. Hallarekstur safnsins skýrist að hluta af kostnaði við vinnu við nýja grunnsýningu safnsins en að hluta er um að ræða framúrkeyrslu við reglulegan rekstur safnsins. Vegna þessarar stöðu fór fram úttekt endurskoðenda á fjárreiðum safnsins eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.


Óháð úttekt á fjárreiðum Náttúruminjasafnsins

Undir lok árs 2024 óskaði menningar- og viðskiptaráðuneytið eftir að gerð yrði óháð úttekt endurskoðenda á fjárreiðum Náttúruminjasafnsins. Úttektin sem var unnin af endurskoðendum Deloitte var skilað til ráðuneytisins 31. október 2025 og náði hún til rekstraráranna 2019-2024. Úttektin leiddi m.a. í ljós að launakostnaður safnsins hafði aukist og hefði oftast nær numið 100% af opinberri fjárveitingu til safnsins (lægst 97%, hæst 145% á árabílinu 2019-2024). Launakostnaður hafði í heild sinni tvöfaldast á tímabilinu 2019-2024, farið út 81 m.kr. árið 2019 í 159 m.kr. árið 2024 og á sama tímabili fjölgaði stöðugildum úr 6,6 í 11,1. Launakostnaður við hvert stöðugildi jókst um 17% á tímabilinu.

Í úttekt Deloitte kemur fram að fjárhagsbókhald safnsins gefi ekki nægilega rétta mynd af fjárhagsstöðunni á hverjum tíma. Í úttektinni er einnig bent á að brotalamir hafi verið á því hvernig haldið var utan um bókhald, fjárhagsupplýsingar og framsetningu reikningsskila safnsins. Þetta hafi leitt til skorts á yfirsýn yfir fjárhagslegan rekstur safnsins. Úttektin leiddi einnig í ljós misbrest á því hvernig tekjur og gjöld voru flokkaðar í fjárhagsbókhaldi.

Halli stofnunarinnar skýrist að hluta af yfirstandandi vinnu við gerð nýrrar grunnsýningar í nýtt húsnæði safnsins. Þann 31. desember 2025 nam uppsafnaður halli safnsins 459 milljónum en þar af er kostnaður við nýja sýningu 288 milljónir. Uppsafnaður halli áranna 2021 til ársloka 2025 án sýningar er því 171 milljónir en það breytir ekki heildarniðurstöðunni um uppsafnaðan halla upp á 459 milljónir króna.

Niðurstöður úttektar Deloitte og uppsafnaður rekstrarhalli safnsins sýna fram á þær áskoranir sem litlar og fámennar stofnanir glíma við. Í rekstri safnsins á framangreindu árabíli var ekki að störfum fjármálastjóri nema hluta tímabilsins og í hlutastarfi og því má segja að fjármálastjórn hafi verið látin mæta afgangi í forgangsroðun verkefna í rekstri safnsins. Í skýrslu Deloitte eru gerðar tillögur að mögulegum úrbótum og meðal annars bent á samlegð eða sameiningu við aðrar stofnanir, Náttúrufræðistofnun eða önnur höfuðsöfn.



Ný sýning
Náttúruminjasafnsins
mun fjalla um hafið
og lífríki þess

Náttúrufræðistofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands (frá 2024 Náttúrufræðistofnun) er ríkisaðili í A-hluta/A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérлага. Rekstur stofnunarinnar byggir fyrst og fremst á fjárveitingum úr fjárlögum, auk sértekna í formi seldrar þjónustu og verkefnastyrkja.

Á árunum 2021–2025 hefur rekstrarumfang Náttúrufræðistofnunar aukist jafnt og þétt. Árið 2024 varð veruleg aukning á veltu sem skýrist að stórum hluta af sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn undir eina stofnun frá 1. júlí 2024. Rekstrarafkoma Náttúrufræðistofnunar var jákvæð árin 2021–2024 en á árinu 2025 smávægilegur halli og því gengið á höfuðstól stofnunarinnar. Í sameiningarferlinu sem stóð yfir árin 2022–2024 var beitt aðhaldi í rekstri og m.a. beðið með ákveðnar nýráðningar þar til nýtt skipulag tók gildi sem skýrir hluta rekstrarafgangs þessara ára.

<u>m.kr</u>	2021	2022	2023	2024	2025
Fjárveiting ársins	625,0	753,7	808,1	1.232,0	1407,6
Önnur framlög og tekjur	277,8	177,3	201,7	304,1	131,3
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	14,4	16,3	21,6	34,6	34,3
Tekjur samtals	917,2	947,3	1.031,4	1.570,7	1573,2
Laun og launatengd gjöld	522,8	519,0	551,4	928,7	987,5
Annar rekstrarkostnaður	367,9	390,4	413,2	552,9	543,4
Afskriftir	14,4	16,3	21,6	34,6	34,3
Tilfærslur					26,4
Gjöld samtals	905,1	925,7	986,2	1.516,2	1591,6
Afkoma ársins (neikvæð)	12,1	21,6	45,2	54,5	(16,5)

Rekstrarreikningur
Náttúrufræðistofnunar
2021-2025

Fjárveitingar úr fjárlögum eru langstærsti tekjuliður Náttúrufræðistofnunar en jafnframt hefur stofnunin haft ýmsar aðrar tekjur, einkum vegna rannsókna- og samstarfsverkefna, framlaga og seldrar þjónustu. Hlutfall sértekna sveiflast milli ára, en styður almennt við aukið verkefnaumfang og sérhæfða starfsemi.

Í heild má segja að rekstur Náttúrufræðistofnunar síðustu ár hafi einkennst af stöðugum vexti, jákvæðri afkomu og styrkri eiginfjárstöðu, samhliða auknu hlutverki og umfangsmeiri starfsemi. Fjárhagur stofnunarinnar endurspeglar traustan rekstrargrundvöll innan ramma opinberra fjármála og getu til að takast á við aukin verkefni.

2.5 Húsnæði, aðstaða, varðveisla og sýningar

Húsnæðismál og aðstaða til varðveislu og sýninga eru lykilþættir í mati á mögulegri sameiningu stofnana. Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafn Íslands nýta samtals 22 húsnæðiseiningar að umfangi 8.155,6 m² þegar nýtt húsnæði Náttúruminjasafns á Seltjarnarnesi verður tekið í notkun.

Árleg húsaleiga beggja stofnana var við árslok 2025 um 273 m.kr. þegar áætlaðri húsaleigu vegna Náttúruhússins á Seltjarnarnesi verður tekið í notkun mun árlegur kostnaður hækka um 96 m.kr. og áætlaður árlegur rekstrarkostnaður húsnæðis þá nema um 37 m.kr. Samanlagður árlegur húsnæðiskostnaður verður þá um 405 m.kr.

Náttúrufræðistofnun

Náttúrufræðistofnun hefur frá 1. janúar 2026 starfsstöðvar á sex stöðum um landið. Nánari umfjöllun um húsnæði Náttúrufræðistofnunar má finna í viðauka 1.

Flokkur	Fjöldi eininga	Fermetrar (m ²)	Árleg leiga (kr.)	Rekstrarkostn. (kr.)
Annað	5	672,7	7.640.000	4.125.000
Varðveislurými	3	2863,5	95.668.160	600.000
Skrifstofuhúsnæði	5	2371,2	151.855.000	13.950.000
Söfn / sýningar				
SAMTALS	13	5907,4	255.163.160	18.675.000

Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafns Íslands var í árslok 2025 með starfsaðstöðu á þremur stöðum. Nánari umfjöllun um húsnæði Náttúruminjasafns Íslands má finna í Viðauka 2.

Flokkur	Fjöldi eininga	Fermetrar (m ²)	Árleg leiga (kr.)	Rekstrarkostn. (kr.)
Annað	1	740,0	0	0
Varðveislurými	3	322,8	360.000	0
Skrifstofuhúsnæði	3	290,8	17.535.900	2.200.000
Söfn / sýningar	2	894,6	96.000.000*	16.000.000*
SAMTALS	9	2248,2	113.895.900	18.200.000

*Áætluð leiga og rekstrarkostnaður nýs húsnæðis á Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi

Nýtt húsnæði Náttúruminjasafns Íslands



Nesstofa og Náttúruhús
í Nesi, Safnatröð 5,
Seltjarnarnesi

Helstu stærðir

- Brúttó flötur byggingar: kjallari: 435,9 m², aðalhæð 945,3 m²; samtals 1.381,2 m²
- Stærð lóðar: 4.379 m².
- Sýningarrými: 548,3 m² (246,6 m² á efri hæð, 219 m² á neðri hæð auk 82,7 m² sérsýningarrýmis)
- Fjölnotasalur, fyrirlestrarsalur: 66,8 m²
- Kennslustofa fyrir skólahópa o.fl.: 50,7 m² á efri hæð og rannsóknarstofa 38,6 m² á neðri hæð, alls 89,3 m²
- Skrifstofurými: 41,4 m²
- Fundarherbergi: 29,4 m²

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir vegna hússins

- 1.268 m.kr.
- Kostnaðaráætlun frá 2020 um sýningu: 425 m.kr.
- Ljóst er að með nýju húsnæði fær Náttúruminjasafnið í fyrsta sinn sérhæft sýningarrými, kennslurýmum og fyrirlestrarsal sem þjónar fræðslu- og miðlunarhlutverki þess. Umrætt hús leysir þó ekki alla húsnæðispörf safnsins en í húsinu er ekki varðveislurými fyrir safnkost og ekki skrifstofuaðstaða fyrir nema hluta starfsfólks.



Nemendur skoða
sýni á viðburði hjá
Náttúruminjasafni
Íslands

2.6 Upplýsingatækni, gagnasöfn og skráning

Gagnasöfn beggja stofnana eru lykilþættir í starfsemi þeirra og styðja við alla þeirra starfsemi.

Náttúruminjasafn Íslands skráir safnkost sinn í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn sem söfn landsins nota. Skráningar í Sarpi eru aðgengilegar öðrum söfnum, fræðasamfélagi og almenningi. nýtir meðal annars sameigin. Bókakostur safnsins er jafnframt að hluta til skráður í sameiginlegu bókasafnskerfi.

Náttúrufræðistofnun rekur fjölbreytta gagnagrunna og kortasjár sem innihalda upplýsingar um náttúru landsins, þar á meðal tegundir lífvera og jarðminja. Þessir gagnagrunnar eru aðgengilegir á heimasíðu stofnunarinnar. Unnið hefur verið að því að bæta skipulag og aðgengi gagna, auk þess að efla öryggi við vistun og miðlun þeirra. Stofnunin nýtir einnig landupplýsingakerfi til að safna, vinna og miðla gögnum. Bókasafn og skjalasafn stofnunarinnar eru skráð í viðeigandi kerfum, og er lögð áhersla á að bæta yfirsýn og aðgengi að þeim. Þá tekur stofnunin þátt í alþjóðlegu samstarfi um miðlun líffræðilegra gagna og sinnir hlutverki við að tryggja aðgengi að opinberum landupplýsingum á Íslandi.

3. Fýsileikamat



Í stefnumótandi skjölum stjórnvalda, svo sem í skýrslum um náttúruvá og stefnu um líffræðilega fjölbreytni, hefur verið lögð rík áhersla á að ákvarðanir stjórnvalda byggist á samræmdri, aðgengilegri og vísindalega traustri þekkingu. Þess vegna eru öflugir og samhæfðir þekkingarinnviðum á sviði náttúruvísinda samfélaginu nauðsynlegir. Slíkir innviðir styðja við stefnumótun í loftslags- og náttúruverndarmálum, tryggja trausta vöktun og rannsóknir á náttúru Íslands og gera miðlun þekkingar aðgengilega og sýnilega fyrir almenning og skólakerfið.

Stýrihópurinn telur báðar þær stofnanir sem hér er fjallað um, þ.e. Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafnið, gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að framangreindum verkefnum. Stýrihópurinn leggur því áherslu á að hlutverkum beggja stofnana verði áfram viðhaldið og rennt undir þau styrkari stoðum. Með sterkum og samhæfðum innviðum getur Ísland staðið betur að alþjóðlegu samstarfi á sviði náttúruverndar og loftslagsmála, nýtt sér sérstöðu sína á norðurslóðum og orðið fyrirmynd í samþættingu vísinda, stefnumótunar og miðlunar.

3.1 Forsendur mats

Báðar stofnanir gegna samfélagslega mikilvægu hlutverki en segja má að sameiginlegt samfélagslegt hlutverk stofnananna felist í því að búa til og varðveita þekkingu auk þess að styðja enn frekar við þekkingarsköpun. Báðar stofnanir taka þátt í stefnumótun, hvor á sínu sviði, og skulu fræða og miðla upplýsingum og þekkingu, þó í ólíkum tilgangi og með ólíkum hætti. Líkt og rakið hefur verið að framan skarast hlutverk stofnananna að einhverju leyti en þó ekki öllu. Hér á eftir verðum sjónum einna helst beint að rannsókna og miðlunarhlutverki beggja stofnana.

Báðum stofnunum er ætlað ákveðið miðlunarhlutverk með ólíkum hætti þó. Þannig er ljóstað hluti af kjarnastarfsemi Náttúruminjasafnsins er að annast sýningar og fræðslustarfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um safnið. Náttúrufræðistofnun er ekki ætlað slíkt

hlutverk en skal þó í starfsemi sinni styðja við og aðstoða við gerð sýninga, sbr. 4. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laganna um stofnunina. Líkt og komið hefur fram hefur staðið til að Náttúruminjasafnið fengi nýtt sérhæft húsnæði við Safnatröð á Seltjarnarnesi fyrir starfsemi sína þar sem gert er ráð fyrir nýrri grunnsýningu safnsins sem getur tekið á móti gestum auk þess sem fullbúinn fyrirlestrarsalur er í húsinu og kennslurými.

Með vísan til þess sem hér hefur komið fram er ljóst að starfsemi Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar greinir einna helst að varðandi skilgreint safnahlutverk Náttúruminjasafnsins og stöðu þess sem höfuðsafns. Sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða hefur Náttúruminjasafnið skýrt og mikilvægt hlutverk varðandi varðveislu og miðlun náttúruarfleifðar landsins. Slík miðlun fer fram með sýningarhaldi, fyrirlestrum, fræðslu og öðrum viðburðum, þar með talið skipulagðri safnfræðslu til nemenda á öllum skólastigum. Þannig er hlutverk safnsins styðjandi við hefðbundið skóla- og menntastarf sem og vettvangur samfélagssamtals og almenningsfræðslu, einnig með ráðgjöf og stuðningi við önnur söfn á sama sviði. Miðlunarhlutverk Náttúrufræðistofnunar lýtur að aðgengi þekkingar, gagnagrunna, kortasjár, útgáfu og öðrum upplýsingum en með slíkri miðlun er vinna og rannsóknir stofnunarinnar gerðar aðgengilegar almenningi, fræðafólki og stjórnvöldum.

Til viðbótar við miðlunarhlutverk hefur jafnframt verið fjallað um hér að framan að í raun sinni tvær stofnanir söfnun, skráningu og rannsóknum á náttúru Íslands. Þessi söfnun er þó í ólíkum tilgangi líkt og rakið hefur verið og eins eru rannsóknar-áherslur ólíkar. Samkvæmt lögum stundar Náttúrufræðistofnun undirstöðurannsóknir á náttúru Íslands og varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum. Náttúruminjasafn varpar ljósi á náttúru Íslands og safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir ásamt því að annast rannsóknir á starfssviði sínu.

Eins og rakið hefur verið hefur frá undirbúningi lagasetningar um Náttúruminjasafnið sem og í skýrslum Ríkisendurskoðunar verið umrætt hvort og með hvaða hætti yrði greint á milli söfnunar, skrásetningar og rannsókna í þeim tveimur stofnunum sem hér um ræðir. Yrði hlutverk beggja stofnana sameinað í eina stofnun yrði slík umfjöllun og aðgreining óþörf.

Stýrihópurinn telur báðar stofnanir gegna samfélagslega mikilvægu hlutverki nú og ekki síður til framtíðar. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að rannsaka og miðla þekkingu á náttúru landsins og lífríki öllu meðal annars í samhengi við þær breytingar sem eru að verða á loftslagi og lífríki heims. Það er mat starfshópsins að ekki beri að draga úr framangreindum hlutverkum en að tækifæri geti verið til að skerpa og styðja enn betur við þessi verkefni.

Í niðurstöður sínum og valkostum sem hér fara á eftir mælir starfshópurinn ekki með því að dregið verði úr eða lögð niður hlutverk hvorugrar stofnunar. Umfjöllunin miðast við að lögbundin verkefni þeirra haldist óbreytt, þ.m.t. staða og hlutverk Náttúruminjasafnsins sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða. Sjónarmið um samfélagslegt hlutverk höfuðsafna komu fram á fundi stýrihópsins með framkvæmdastjóra Safnaráðs og þjóðminjaverði og nánar er fjallað um í viðauka 4. Því lýtur könnun stýrihópsins að fýsileika þess að sameina hlutverk beggja stofnanna í einni.

3.2. Valkostagreining

Stýrihópurinn vann greiningu á mögulegri framtíðarskipan Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar með hliðsjón af SVÓT-aðferðafræði, þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri varðandi mögulega framtíðarskipan. Markmið greiningarinnar var að draga fram fagleg og rekstrarleg áhrif mismunandi leiða, meta stjórnsýslu og lög, greina innleiðingaráhættu og skapa heildstæðan grundvöll til samanburðar á milli sviðsmynda. Greindar voru sviðsmyndir sem stýrihópurinn telur raunhæfar, þ.e. óbreytt ástand, aukið samstarf og sameiningu þeirra stofnana sem hér um ræðir. Stýrihópurinn ræddi jafnframt aðrar mögulegar sameiningar fyrir Náttúruminjasafnið en þær voru ekki teknar með í greininguna vegna þess að hópurinn telur að slík greining falli utan ramma þessarar frumathugunar. Í viðauka 3 má finna þá greiningarþætti sem aðallega var horft til við mat á sviðsmyndum.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan liggur fyrir að Náttúruminjasafn Íslands hefur staðið frammi fyrir hallarekstri um árabíl. Þá ríkir óvissa er um fjármögnun rekstrar og uppbyggingu nýrrar sýningar í nýju húsnæði safnsins á Seltjarnarnesi sem mótar óhjákvæmilega þá greiningu sem hér er sett fram.



Fjöruferð í Gróttu á vegum Náttúruminjasafnsins

Sviðsmynd 1 - Óbreytt ástand

Styrkleikar

- Skýr aðgreining hlutverka og ábyrgðar.
- Stöðugleiki í starfsemi.
- Engar lagabreytingar.

Veikleikar

- Takmörkuð samþætting safnkosts og gagna.
- Hætta á tvíverknaði.
- Takmörkuð heildarsýn á málaflokkinn.

Tækifæri

- Markvissari samningar um afmörkuð verkefni.
- Bætt samráð milli stofnana.

Ógnir

- Áframhaldandi kerfislæg aðgreining.
- Takmörkuð samlegð og þróunarmöguleikar.

Heildarmat sviðsmyndar 1

Sviðsmyndin tryggir stöðugleika en felur í sér takmarkaða framþróun.

Sviðsmynd 2 – Aukið samstarf

Styrkleikar

- Aukin fagleg samhæfing.
- Möguleg hagræðing í stoðþjónustu.
- Sveigjanleg og stigvaxandi innleiðing.

Veikleikar

- Ábyrgðarskipting getur orðið óskýr.
- Samlegðaráhrif háð virkri framkvæmd.

Tækifæri

- Samræmd stefnumótun án lagabreytinga.
- Sameiginleg þróunarverkefni og miðlun.

Ógnir

- Samstarf verði formlegt en ekki efnislegt.
- Skortur á skýru stjórnskipulagi hamli árangri.

Heildarmat sviðsmyndar 2

Raunhæf millileið sem getur skapað aukna skilvirkni ef hún er framkvæmd markvisst og ábyrgð er skýr.

Sviðsmynd 3 – Sameining

Styrkleikar

- Heildstæð stefnumótun.
- Samþætt gagnaöflun og varðveisla.
- Skýr ábyrgð og einfaldara stjórnsýsluumhverfi.
- Möguleg langtímasamlegð.

Veikleikar

- Umfangsmikil breytingastjórnun.
- Tímabundin röskun á starfsemi.

Tækifæri

- Aukinn faglegur slagkraftur.
- Skýrari forysta og heildarsýn.

Ógnir

- Menningarlegir árekstrar.
- Áhætta ef undirbúningur er ófullnægjandi.

Heildarmat sviðsmyndar 3

Sviðsmyndin felur í sér róttækustu breytinguna og mesta möguleika til langtímaáhrifa, en jafnframt mesta innleiðingaráhættu.

Heildarmat sviðsmynda

Stýrihópurinn telur að sviðsmynd 1 tryggji stöðugleika en feli ekki í sér verulega framþróun. Sviðsmynd 2 er raunhæf og framkvæmanleg leið til aukinnar samþættingar en árangur er talsvert háður góðum vilja stjórnenda á hverjum tíma. Sviðsmynd 3 býður upp á heildstæða og langtíma lausn en mikilvægt er að vanda til verka við breytinga á lögum sem gilda um starfsemina, að undirbúningur sé vandaður og að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir hendi varðandi rekstur og framtíðarsýn fyrir Náttúruminjasafnsins.

Stýrihópurinn telur að sjálfbær fjármögnun og skýr áætlun um jafnvægi í rekstri Náttúruminjasafnsins séu grundvallarforsendur þess að unnt sé að ráðast í aukið samstarf eða formlega sameiningu stofnananna. Skipulagsbreytingar einar og sér leysa ekki fjárhagslegan vanda Náttúruminjasafnsins. Án trausts fjárhagslegs grunns getur sameining eða aukið samstarf aukið rekstraráhættu og flækt framkvæmd.

<u>Viðmið</u>	<u>Sviðsmynd 1</u>	<u>Sviðsmynd 2</u>	<u>Sviðsmynd 3</u>
Fagleg samþætting	Lág	Miðlungs	Há
Lagabreytingar	Nei	Ólíklegt	Já
Innleiðingaráhætta	Lág	Miðlungs	Miðlungs–há
Samlegðarmöguleikar	Takmarkaðir	Miðlungs	Miklir (langtíma)
Breytingaálag	Lítið	Hóflegt	Mikið



4. Mat á ávinningi og áhættupáttum

4.1 Fjárhagsleg áhrif

Fjárhagsstaða Náttúrufræðistofnunar og Náttúruinjasafns Íslands er ólík. Um er að ræða stærðarmun varðandi fjárframlög ríkisins og starfsmannafjölda. Einnig er rekstrarstaðan ólík þar sem rekstur Náttúrufræðistofnunar er traustur en Náttúruinjasafnið glímir við uppsafnaðan rekstrarhalla undanfarin ár og þá stöðu að fjárfrekum verkefnum við nýtt húsnæði og gerð grunnsýningar hefur ekki verið lokið.

Möguleg sameining Náttúrufræðistofnunar og Náttúruinjasafns Íslands felur í sér tímabundinn kostnað til skemmri tíma við sameininguna sjálfa, en til lengri tíma litið eru ýmis tækifæri til hagræðingar. Reynslan af sambærilegum sameiningum bendir til að unnt sé að ná um 7% hagræðingu í rekstri með aukinni samþættingu og einfaldara skipulagi .

Í heild má því gera ráð fyrir að sameiningin leiði til aukinnar skilvirkni, betri nýtingar fjármuna og öflugri starfsemi þó að ákveðinn breytingakostnaður falli til í upphafi. Framangreind áhrif koma fram á lengri tíma eftir því sem stofnunin og starfsemin festist í sessi.

Byggt á gögnum sem fram koma í þessari greinargerð og almennum viðmiðum um sameiningar má áætla að sameining stofnananna geti skilað um 100–150 m.kr. árlegri hagræðingu til lengri tíma. Einnig ber að hafa í huga að þegar nýtt húsnæði fyrir sýningu verður tekið í notkun skapast tækifæri tekjuöflunar með aðgangseyri sem núverandi áætlanir Náttúruinjasafnsins gera ráð fyrir að gæti orðið um 100 m.kr. fyrstu árin. Helstu tækifæri til hagræðingar og tekjuöflunar liggja því í:

- öflugri stoðþjónustu
- betri nýtingu húsnæðis
- aðgangseyrir vegna sýningar

Ávinningur kemur þó ekki fram strax, heldur eftir 2–5 ár. Eins og áður hefur verið ítrekað leysir líkur fjárhagslegur ávinningur ekki fjárhagsvanda Náttúruminjasafns Íslands. Til að leysa hann þarf sérhæfðar ráðstafanir sem er á forræði menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra og fjárveitingarvalds.



Starfsstöð
Náttúrufræðis-
stofnunar í
Urriðaholti, Garðabæ

Húsnæði

Sameining Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands skapar tækifæri til betri nýtingar húsnæðis, fækkunar eininga og aukinnar samhæfingar í húsnæðismálum. Stofnanirnar nýta nú samtals 22 húsnæðiseiningar að umfangi yfir 8.100 m², með áætluðum heildarkostnaði um 405 m.kr. árlega þegar nýtt húsnæði á Seltjarnarnesi verður tekið í notkun.

Með sameiningu má gera ráð fyrir að unnt verði að fækka húsnæðiseiningum um 10–25%, einkum á höfuðborgarsvæðinu, með samþættingu skrifstofuaðstöðu og betri nýtingu sérhæfðra rýma. Það gæti samsvarað fækkun um 800–1.600 m² til lengri tíma, án þess að draga úr kjarnastarfsemi.

Á grundvelli þess má áætla að beinn sparnaður í húsaleigu og tegdum rekstrarkostnaði gæti numið um 40–80 m.kr. árlega þegar breytingar hafa að fullu gengið í gegn, sem samsvarar um 10–20% af núverandi áætluðum húsnæðiskostnaði. Þar að auki má gera ráð fyrir óbeinum sparnaði, m.a. vegna minni umsýslu, betri nýtingar búnaðar og aukinnar samlegðar, sem gæti numið 10–20 m.kr. til viðbótar á ári.

Ávinningur felst einnig í því að draga úr notkun bráðabirgða- eða óhentugs húsnæðis og styrkja kjarnastarfsemi í betur hönnuðu og samnýttu húsnæði. Slíkur sparnaður og hagræðing er þó háð markvissri útfærslu, skýrri stefnu um staðsetningu og hlutverk starfsstöðva, sem og því að fjárfest sé í hentugu húsnæði sem þjónar bæði rannsóknar- og miðlunarhlutverki.

Safnkostur, gögn og upplýsingatækni

Varðandi þau tækifæri sem fyrir hendi eru í samlegð í upplýsingatækni (UT) við mögulega sameiningu Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands er byggt á almennum þáttum hvað varðar sameiningu gagnainnviða, einföldun kerfa og samræmda miðlun upplýsinga. Náttúrufræðistofnun býr yfir öflugri þekkingu og reynslu í gagnasöfnun, úrvinnslu og miðlun gagna en Náttúruminjasafn Íslands er lítil stofnun sem hefur t.d. ekki náð að koma sér upp skjalakerfi sem er hluti af þeim starfrænu innviðum sem opinberar stofnanir þurfa að búa yfir. Helstu samlegðartækifæri felast í því að:

- styrkja stjórnun upplýsingaöryggis með sameiginlegri stefnu og verklagi.
- sameina rekstur og þjónustu UT-mála til að ná fram hagræðingu og bættu öryggi,
- efla stafræna miðlun upplýsinga til almennings og hagaðila í gegnum sameiginlegar gáttir,
- byggja upp sameiginlega gagnainnviði og gagnagrunna sem styðja við rannsóknir, skráningu og miðlun,

Eins og áður hefur komið fram miðla báðar stofnanir í gegnum vefi, en öflug og fjölbreytt gagnasöfn Náttúrufræðistofnunar eru aðgengileg á vef hennar og Náttúruminjasafn Íslands skráir safnkost sinn í menningarsögulega gangasafnið Sarp sem opið almenningi. Þessi skráning og miðlun þjónar ólíkum tilgangi sem gera þarf ráð fyrir að áfram verði sinnt í sameinaðri stofnun.

Í heild bendir margoð til þess að samlegð í upplýsingatækni geti orðið umtalsverð, að því gefnu að unnið verði markvisst að stöðlun, samþættingu og uppbyggingu sameiginlegra innviða. Mikilvægt er að tryggja að sérþekking og verðmæt gögn tapist ekki við mögulega sameiningu. Þá er lykilatriði framkvæma ítarlegra mat á kerfum og rekstri áður en til frekari ákvarðana kemur.

Eins og að framan greinir eiga báðar stofnanir bókakost sem er varðveittur hjá þeim. Ætla má að ákveðin skörun sé í bókasafni hvorrar stofnunar um sig. Nær allt bókasafn Náttúrufræðistofnunar er skráð í Gegni, en aðeins hluti af bókakosti Náttúruminjasafnsins. Unnið er að grisjun bókakosts Náttúrufræðistofnunar. Ætla má að spara mætti umsýslukostnað og fermetra við að sameina bókakost stofnananna á einn stað svo að nýta megi hann í starfsemi beggja stofnana. Kanna má kosti þess hvort æskilegra sé að Landsbókasafn – Háskólasafn taki við bókakostinum til að auka aðgengi hans fyrir háskólasamfélagið.

Eins og fjallað hefur verið um í þessari skýrslu eiga báðar stofnanir safnkost. Safnkostur Náttúrufræðistofnunar er umfangsmeiri en safnkostur Náttúruminjasafnsins, sem helst safnar gripum sem hafa sýningar- og miðlunargildi. Að einhverju leyti er skörun í safnkostinum, en að öðru leyti er hann ólíkur. Aðstæður stofnananna til varðveislu safnkostsins eru ólíkar, eins og nánar verður rakið í kaflanum hér á eftir um húsnæðismál. Þannig hefur Náttúrufræðistofnun yfir að ráða um 2.600 m² varðveislurými þar sem safnkostinum eru búnar prýðilegar aðstæður. Safnkostur Náttúruminjasafnsins er í ófullnægjandi geymsluhúsnæði sem var leigt til bráðabirgða. Áætluð fermetraþörf Náttúruminjasafnsins fyrir þann safnkost sem það nú varðveitir er um 250 m² en ekki er gert ráð fyrir varðveislurými í nýja húsnæðinu að Safnatröð.

Safnkostur Náttúrufræðistofnunar er skráður í gagnagrunna stofnunarinnar og miðlað úr þeim á netið. Safnkostur Náttúruminjasafnsins er skráður í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn sem söfn landsins nota, og þannig miðlað til samfélagsins. Með sameiningu safnkosts stofnananna má ætla að til yrði heildstætt safn vísindasafna og náttúruminja sem þjónar allt í senn rannsóknum, sýningum og annarri miðlun. Eins og rakið er að framan sá löggjafinn fyrir sér samstarf varðandi söfnun og nýtingu safnkosts sem aðeins hefur orðið að takmörkuðu leyti. Séu tækifæri til að grisja og sameina safnkost má ætla að hagræða mætti í kostnaði við varðveisluhúsnæði.

Stoðþjónusta og fleira

Í skjalamálum og upplýsingastjórnun felast einnig hagræðingartækifæri. Eins og komið hefur fram hefur lítil stofnun á borð við Náttúruminjasafnið takmarkaða burði til að sinna nauðsynlegri skjalastjórnun, mannauðs- og fjármálastjórn. Ljóst er að stærri rekstrareiningar hafa frekar burði til að bera slíka stoðþjónustu og því myndi ávinningur sameiningar vegna þessara þátta vera mikill fyrir faglega og nauðsynlega umsýslu við rekstur stofnunar. Náttúruminjasafnið hefur ekki komið sér upp skjalastjórnunarkerfi í starfsemi sinni sem verður að telja bagalegt m.t.t. gæðamála. Kostnaður við slíkt kerfi reynist litlum rekstrareiningum þungur.

Fjárhagslegt hagræði felst einnig í stærðarhagkvæmni, til dæmis með sameiginlegum innkaupum og samningum við þjónustuaðila. Þó að í byrjun falli til kostnaður vegna breytinga á húsnæði, búnaði og skipulagi er hann veginn upp af aukinni skilvirkni þegar fram líða stundir.

4.2. Mannauðsmál

Í mannauðsmálum getur sameining skapað sterkari heild með fjölbreyttari þekkingu og auknum sveigjanleika. Þá má eins ætla að fjölbreyttari mannauður, þ.e.a.s. breið fræðileg þekking starfsfólk sem er líklegri til að vera í stærri stofnun, geti verið stuðningur fyrir fjölbreyttari rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands. Að sama skapi bætir sérþekking starfsfólks á sviði safnaræða, kennslu og miðlunar möguleika stærri sameinaðrar stofnunar til að miðla og tala við fjölbreytta hópa samfélags og þannig stuðla að upplýstri lýðræðislegri umræðu um samfélagslega mikilvæg mál í landinu.

Komi til sameiningar Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands mun það óhjákvæmilega hafa áhrif á starfsfólk, skipulag og vinnustaðamenningu og kalla á faglega breytingastjórnun. Náttúrufræðistofnun er stærri eining með fjölbreyttan hóp náttúruvísindafólks en Náttúruminjasafn Íslands er fámenn stofnun þó menntun starfsfólks sé fjölbreytt. Sameining stofnanna myndi því fela í sér samþættingu annars vegar á rannsóknamiðaðri menningu og hins vegar menningu þar sem miðlun og fræðsla er í forgrunni. Verulegur munur á fjárhagsramma stofnananna hefur einnig áhrif á skipulag, stoðþjónustu og starfsumhverfi.

Niðurstöður úr *Stofnun ársins 2025* sýna að bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn Íslands búa yfir sterkri vinnustaðamenningu, með heildareinkunn Náttúrufræðistofnunar 4,37 og heildareinkunn Náttúruminjasafns Íslands 4,22. Þrátt fyrir það eru styrkleikar og veikleikar stofnananna ólíkir. Greining niðurstaðna úr *Stofnun ársins* bendir til þess að Náttúrufræðistofnun hafi sterka innviði hvað varðar stjórnun, starfsanda og skipulag en að Náttúruminjasafn Íslands hafi mikinn sveigjanleika og góða starfs-



Gullskjálfandi,
kólfsveppur af
skjálfandaætt, er
fátíður

ánægju, en veikleikar koma fram í vinnuskilyrðum og stoðþjónustu. Ávinningur sameiningar í mannauðsmálum er því raunhæfur, einkum ef:

- stoðþjónusta yrði eflað og nýtt til að bæta vinnuskilyrði þar sem þau eru lök,
- markvisst yrði unnið að því að viðhalda sveigjanleika og faglegu sjálfstæði,
- brugðist yrði við þeim þáttum sem mælast lakast, svo sem launakjörum.

Á móti kemur að sameining stofnana felur í sér ákveðna áhættu. Rannsóknir á vinnustaðamenningu sýna að óvissa, skortur á upplýsingagjöf og upplifun af minnkandi áhrifum í starfi geta haft neikvæð áhrif á starfsánægju og frammistöðu. Sérstaklega er hættu á:

- að veikja þann sveigjanleika sem einkennir smærri einingar,
- að skapa togstreitu milli ólíkrar menningar vinnustaðanna
- að draga úr ánægju og stolti ef breytingar eru ekki skýrt rökstuddar og vel innleiddar.

Sameining stofnana getur styrkt vinnustaðamenningu til lengri tíma en aðeins að því gefnu að unnið sé markvisst með þá þætti sem skipta mestu máli fyrir starfsfólk.

4.3. Aðrir þættir

Sameining Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands felur í sér tækifæri, en einnig eru fyrir hendi áhættuþættir sem þarf að taka mið af.

Sérstök áhætta er að sýningar- og miðlunarstarfsemi verði undir í stærri stofnun. Þar skiptir húsnæði lykilmáli, sem og að tryggja þetta hlutverk skýrt í lagaramma. Komi til sameiningar telur stýrihópurinn mikilvægt að nafni Náttúruminjasafnsins verði haldið utan um þessi verkefni innan hinnar sameinuðu stofnunar, með skýru hlutverki og safnstjóra. Með því er leitast við að verja faglegt sjálfstæði og sýnileika starfseminnar, enda nýtur Náttúruminjasafn Íslands trausts og velvildar og hefur skýrt hlutverk gagnvart almenningi. Þetta samræmist einnig sjónarmiðum sem fram komu í fundi með Safnaráði. Tekið skal fram að hvorug stofnunin hefur reynslu af rekstri safna- og sýningarhúss líkt og Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands reka og fyrirhugað er undir starfsemi Náttúruminjasafnsins að Safnatröð á Seltjarnarnesi. Tryggja þarf viðeigandi stuðning við þetta verkefni þar til reynsla og þekking verður til innan stofnunar.

Til að draga úr áhættu þarf skýra stefnu, virka breytingastjórnun og áherslu á jafnvægi, faglegt sjálfstæði og sameiginlega menningu.

Náttúrufræðistofnun er ný stofnun en lög um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn tóku gildi 15. júlí 2024. Í því sameiningarferli var öllum steinum velt við og hagrætt til að nýta betur innviði, mannauð og fjármuni. Einnig er mikilvægt að áréttu að innleiðing á þeirri sameiningu stendur enn yfir og er það ákveðinn áhættuþáttur sem mikilvægt er að taka mið af. Ávinningurinn af mögulegri sameiningu Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands er því meiri varðandi rekstur Náttúruminjasafnsins þar sem sú starfsemi getur nýtt ýmsa innviði sem Náttúrufræðistofnun býr yfir s.s. varðandi fjármál, mannauðsmál, upplýsingatækni og skjalamál.

4.4. Lagaumhverfi og stjórnsýsluleg álitaefni

Báðar stofnanirnar eru ríkisstofnanir sem starfa samkvæmt lögum og eru fjármagnaðar af framlögum á fjárlögum. Um rekstur þeirra beggja gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 5/2025 fellur Náttúrufræðistofnun undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og verkefni stofnunarinnar undir liðina *náttúruvernd og sjálfbær þróun og rannsóknir og skráningu upplýsinga um náttúru landsins*, sbr. 2. og 4. tölul. 10. gr. Náttúruminjasafnið fellur hins vegar undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og liðinn *safnamál*, sbr. 13. tölul. 8. gr. Í fjárlögum og fjármálaáætlun fellur Náttúrufræðistofnun undir málaflokk 17; *Umhverfismál* og málefnasvið 17.20; *Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands*. Náttúruminjasafnið fellur undir málaflokk 18; *Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál* og málefnasvið 18.10; *Safnamál*.

Það er mat starfshópsins að verði af sameiningu stofnananna þyrftu lagabreytingar ekki að verða umfangsmiklar, þ.e.a.s. að fella mætti ákvæði um hlutverk og stöðu Náttúruminjasafnsins sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða inn í gildandi lög um Náttúrufræðistofnun. Að auki þyrfti að samræma orðalag og tryggja að skyldur séu skýrar. Kveða þyrfti skýrt á um sjálfstæði safnsins sem og stöðu safnstjóra innan sameinaðrar stofnunar þar sem tengingin við safnalög yrði tryggð. Liggur þá beinast við að heiti safnsins komi fram í lagatextanum og starfsheiti safnstjóra. Mörg dæmi eru um það í lögum að kveðið sé á um sjálfstæði tiltekinna eininga innan stofnana og skyldur þeirra. Má þar t.d. nefna Vatnajökulspjóðgarð innan Náttúruverndarstofnunar og Brunamálaskólann innan Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

5. Aðrir sameiningarkostir



Samkvæmt skipunarbréfi stýrihópsins var hlutverk hans að kanna fýsileika á mögulegri sameiningu Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar, greina samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning, helstu álitafni sem og gera tillögur til ráðherra. Því fellur það utan verkefnis hópsins að skoða aðra sameiningarmöguleika sem þó gætu fallið að því markmiði stjórnvalda um að fækka stofnunum með faglega samlegð. Engu að síður telur hópurinn rétt að benda á að fleiri sameiningar eða samlegðarmöguleikar gætu komið til skoðunar varðandi Náttúruminjasafn Íslands. Hópurinn bendir á að þessir möguleikar hafa ekki verið kannaðir og sé vilji til að kanna þá betur þyrfti að gera frumathugun á þeim kostum áður en lengra yrði haldið. Frekari sjónarmið tengd þessu áréttað forstöðumaður Náttúruminjasafnsins í bókun sem finna má í viðauka 6. Þeir ókönnuðu valkostir sem hópurinn bendir á eru:

Höfuðsöfn

Eins og fjallað hefur verið um eru höfuðsöfnin þrjú: Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Þau eru miðstöðvar safnastarfs hvert á sínu sviði og starfa samkvæmt sérlögum sem og safnalögum. Kjarnastarfsemi þessara stofnana er því af sama meiði og leiða má líkur að því að ávinningur gæti orðið af faglegri samlegð, m.a. mannauðs t.d. varðandi forvörslu gripa, varðveisluhúsnæði, sýningarstarfsemi, markaðsstarf og öðru faglegu starfi sem og varðandi stoðþjónustu. Ekkert höfuðsafnanna nær þeirri lágmarksstærð að vera 50 manna stofnun.

Náttúruverndarstofnun

Stofnunin stendur nú þegar fyrir rekstri gestastofa um land allt þar sem eru sýningar og fræðsla um náttúru Íslands. Að auki sér stofnunin um náttúruverndarsvæði. Nýtt húsnæði Náttúruminjasafnsins að Safnatröð á Seltjarnarnesi er við friðlöndin við Bakkatjörn og Gróttu sem gæfi ýmis tækifæri til samlegðar varðandi miðlun, húsnæði og aðra starfsemi. Að öðru leyti er starfsemi Náttúruverndarstofnunar ólík Náttúruminjasafnsins sem kann að draga úr fýsileika sameiningar þó aukið samstarf kunni að vera gagnlegt.



6. Niðurstaða og næstu skref

Tilfni þessarar frumathugunar er allt í senn stefna stjórnvalda um hagræðingu í ríkisrekstri með fækkun stofnana og sú sýn að stærri stofnanir séu almennt hentugri rekstrareiningar en minni. Þá gefa áralangar hugmyndir um faglega samlegð Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar einnig tilfni til gera þessa frumathugun. Að auki gefur erfið fjárhagsstaða Náttúruminjasafnsins enn frekara tilfni til að kanna hvort tækifæri séu til að tryggja rekstrinum og hlutverki stofnunarinnar betri farveg.

Tækifæri til að gera betur á málefnasviðum

Stýrihópurinn byggir niðurstöðu sína á þeirri framtíðarsýn að tækifæri séu til að gera betur þegar kemur að rannsóknum og miðlun á náttúru Íslands. Stjórnvöld þurfa að geta byggt ákvarðanatöku á nýjustu þekkingu á hverjum tíma og þess vegna nauðsynlegt að grunnrannsóknum á náttúru Íslands sé sinnt af myndarbrag. Ekki síður er mikilvægt að þeirri þekkingu sem til verður sé miðlað með aðgengilegum hætti til fræðasamfélagsins, stjórnvalda, almennings og sérstaklega til skólakerfisins. Þannig getur sterk þekkingarstofnun á sviði náttúrufræða og vísinda gegnt mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Það er mat stýrihópsins að tækifæri séu til að taka betur utan um þetta samfélagslega hlutverk í löggjöf og stofnanaumgjörð.

Bregðast þarf við stöðu Náttúruminjasafnsins

Stýrihópurinn bendir á að áralangur fjárhagsvandi Náttúruminjasafnsins verður ekki leystur með sameiningu, þar þurfa aðrar ráðstafanir að koma til sérstaklega. Nú þegar hefur hið opinbera fjárfest í nauðsynlegum innviðum fyrir stofnunina, þ.e.a.s. með nýju sérhæfðu húsi við Safnatröð á Seltjarnarnesi sem og með undirbúning og hönnun nýrrar

gruunnsýningar. Ótækt er að þessi fjárfesting verði ekki nýtt sem skildi, annað hvort af Náttúruminjasafni Íslands sem sjálfstæðri stofnun eða af Náttúruminjasafni Íslands innan nýs stofnanaskipulags. Hvor sviðsmyndin um sig krefst viðeigandi fjármagns.

Aukið samstarf skilar ávinningi

Eins og valkostagreining stýrihópsins ber með sér telur stýrihópurinn nauðsynlegt að bregðast við varðandi stöðu Náttúruminjasafns Íslands og því sé ekki raunverulegur valkostur að aðhafast ekkert í málinu, þ.e.a.s. óbreytt staða er ekki fýsilegur valkostur. Í kafla 5 er bent á aðra sameiningarmöguleika sem gætu verið fyrir hendi varðandi Náttúruminjasafn Íslands, en fýsileiki þeirra er alls ókannaður og fellur slík könnun utan verksviðs starfshópsins.

Eins og fjallað hefur verið um að framan gerði löggjafinn ráð fyrir náinni samvinnu milli stofnananna sem af ýmsum ástæðum hefur ekki orðið, líkt og fjallað hefur verið ítarlega um í fyrri köflum. Þess vegna eru nú þegar tækifæri til aukinnar samvinnu og samstarfs milli stofnananna. Mögulega má kveða sterkar á um slíkan áskilnað í löggjöf eða að ráðuneytin beini tilmælum um aukið samstarf til forstöðumanna um markvissar aðgerðir til að samnýta safnkost, húsnæði, stoðþjónustu o.fl. Slíkt samstarf gæti haft skamman aðdraganda og jafnvel orðið millileikur meðan önnur eða frekari sameiningaráform eru til skoðunar.

Sameining skilar ávinningi

Til framtíðar metur stýrihópurinn að sóknarfæri séu með sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar þar sem kveðið sé skýrt á um hlutverk sameinaðrar stofnunar sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða.

Í greiningu stýrihópsins kemur fram að af sameiningu megi hljóta fjárhagslegan ávinning með betri nýtingu húsnæðis og annarra innviða, gera betur í faglegri og nauðsynlegri stoðþjónustu. Þá telur stýrihópurinn samfélagslegan ávinning af sameiningu mikinn þar sem sterk þekkingarstofnun á sviði náttúrufræða með skýrt miðlunarhlutverki eigi skýrt erindi við samfélagið. Í faglegri samlegð þessara tveggja stofnana felist því mikil sóknarfæri. Komi til sameiningar er að mat stýrihópsins að ný stofnun haldi nafni Náttúruminjasafns Íslands og stöðu þess sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða innan nýrrar stofnunar.

Mögulegur fjárhagslegur ávinningur

Sameining Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar gæti til lengri tíma skilað um 100–150 m.kr. árlegri hagræðingu, sem samsvarar um 7% rekstrarhagræðingu samkvæmt almennum viðmiðum um sameiningar. Stærstur hluti þessa ávinnings felst í húsnæðismálum, þar sem áætlað er að hægt sé að ná fram 40–80 m.kr. árlegum beinum sparnaði í leigu og rekstri, auk 10–20 m.kr. í óbeinum sparnaði vegna einfaldari umsýslu og betri nýtingar aðstöðu. Auk hagræðingar skapast einnig tekjumöguleikar, einkum með aðgangseyri að nýju sýningarhúsnæði, sem gæti numið um 100 m.kr. á ári fyrstu árin. Gera má ráð fyrir að þessi fjárhagslegi ávinningur komi fram á 2–5 árum eftir að sameining hefur verið innleidd.

Tillögur stýrihópsins um næstu skref

Stýrihópurinn leggur til eftirfarandi næstu skref:

Skammtímaaðgerðir (0–12 mánuðir):


1. Áætlun um hallalausán rekstur og fjármögnun Náttúruminjasafnsins til lengri tíma
2. Ljúka fjármögnun nýrrar sýningar og reksturs nýrrar byggingar Náttúruminjasafnsins við Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi
3. Hefja markvisst aukið samstarf Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar, mögulega með formlegum fyrirmælum ráðuneyta.

Aðgerðir til lengri tíma :

1. Meta árangur aukins samstarfs Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar
2. Gera tillögur um mögulegar lagabreytingar
3. Taka ákvörðun um sameiningu á grundvelli frekari greiningar og samráðs

Víðtækt samráð

Hópurinn leggur til að skýrsla þessi verði kynnt hagaðilum og kallað eftir sjónarmiðum þeirra.



Börn greina steina á viðburði hjá Náttúruminjasafninu

Heimildaskrá

Alþingistiðindi.

Náttúruminjasafn Íslands. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, janúar 2012:
<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2012-Natturuminjasafn.pdf>

Eftirfylgni: Náttúruminjasafn Íslands. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, maí 2015:
<https://www.rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2015-natturuminjasafn.pdf>

Eftirfylgni: Náttúruminjasafn Íslands. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, apríl 2018:
<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2018-Natturuminjasafn-Islands.pdf>

Stofnanir ríkisins. Fjöldi, stærð og stærðarhagkvæmni. Stjórnarsýsluúttekt. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, desember 2021:
https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2021_stofnanir-rikisins_fjoldi-staerd-staerdarhagkvaemni.pdf

Frumathugun á samlegð stofnana á sviði rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands. Umhverfis-, og auðlindaráðuneytið, 25. mars 2015:
https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/frumathugun-a-samlegd-stofnana-a-svidi-rannsokna-og-voktunar.pdf

Tillögur um breytta stofnanauppbyggingu, Umhverfisráðuneytið, september 2009. Skýrsla unnin af Capacent ráðgjöf.

Niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins 2025, [Stofnun ársins 2025](#)

Náttúruminjasafn Íslands, höfuðstöðvar. Fýsileikakönnun á nýtingu húsnæðis „Lækningaminjasafns“ við Safnatröð u ndir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020: https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/F%C3%BDsileikak%C3%B6nnun_N%C3%A1tt%C3%BAruminjasafn%20%C3%8Dslands_sept%202020.pdf

Náttúruvá. Stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun og tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvá, apríl 2023: [Natturuvar_skyrsla_apr23_STAFR.pdf](#)

Líffræðileg fjölbreytni Stefna og markmið til ársins 2030, desember 2025. [Líffræðileg fjölbreytni – Stefna og markmið til ársins 2030-digital.pdf](#)

Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar, desember 2008. [Fjármálaráðuneytið_rit_2008-5](#)

Forsíða: Náttúrufræðistofnun, Eydís Líndal Finnbogadóttir

Bls. 5: Náttúrufræðistofnun, Róbert A. Stefánsson

Bls. 8: Náttúrufræðistofnun

Bls. 11: Náttúrufræðistofnun, Ólafur K. Nielsen

Bls. 14: Náttúruminjasafn Íslands

Bls. 16: Náttúrufræðistofnun Ester Rut Unnsteinsdóttir

Bls. 17: Náttúruminjasafn Íslands

Bls. 19: Náttúruminjasafn Íslands

Bls. 24: Náttúrufræðistofnun

Bls. 27: Náttúruminjasafn Íslands

Bls. 28: Náttúruminjasafn Íslands

Bls. 29: Náttúrufræðistofnun, Halldór Þrastarson

Bls. 31: Náttúruminjasafn Íslands, Kristinn Ingvarsson

Bls. 34: Náttúrufræðistofnun, Árni Einarsson

Bls. 35: Náttúrufræðistofnun

Bls. 38: Náttúrufræðistofnun

Bls. 40: Náttúrufræðistofnun, Erling Ólafsson

Bls. 41: Náttúruminjasafn Íslands

Bls. 43: Náttúruminjasafn Íslands

Viðauki 1: Nánar um húsnæði Náttúrufræðistofnunar

Smiðjuvellir, Akranesi

Höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar eru að Smiðjuvöllum á Akranesi. Á Akranesi hafa 14 starfsmenn fasta starfsstöð. Þar hafa einnig þrír lausamenn stofnunarinnar starfsaðstöðu en að auki deila þrír starfsmenn Lands og Skóga, einn starfsmaður URN og einn starfsmaður Mast starfsstöðinni með Náttúrufræðistofnun.

Urriðaholt, Garðabæ

Í Urriðaholti í Garðabæ hefur flest starfsfólk Náttúrufræðistofnunar starfsstöð, 50 talsins. Náttúruverndarstofnun leigir hluta af húsnæðinu sem starfsstöð fyrir hluta af starfsfólki sínu, 20 manns. Í Urriðaholti er tækifæri til frekari breytinga á húsnæðinu til að geta hýst um 20 manns til viðbótar.

Í Urriðaholti eru skrifstofur, þrjár rannsóknarstofur, bókasafn og skjalageymsla. Í húsinu er varðveislurými fyrir safnkost, þar með talið sérhönnuð munageymsla fyrir fágæta muni auk þess sem sérhæfð rými eru fyrir vísindasöfn líkt og jarðvísindasafn (steindir, berg og steingervinga), skordýrasafn, botndýrasafn, sjávardýrasafn, plöntusafn og hryggdýrasafn. Húsnæðið er sérhannað til hýsa þessi vísindasöfn við góðar aðstæður.

Borgir, Akureyri

Í Borgum á Akureyri eru 10 starfsmenn en auk þess leigir stofnunin öðrum stofnunum aðstöðu fyrir starfsfólk. Þetta eru Veðurstofan með aðstöðu fyrir fjóra starfsmenn, Matís með aðstöðu fyrir tvo starfsmenn, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti með aðstöðu fyrir einn starfsmann og Minjastofnun með aðstöðu fyrir tvo starfsmenn. Gott samfélag hefur myndast á starfsstöð þessara fjölbreyttu stofnana. Til stendur að gera breytingar á aðstöðu Náttúrufræðistofnunar í Borgum en við þær breytingar fást opin rými sem til stendur að leigja út.

Skútustaðir, Mývatni

Náttúrufræðistofnun er með rannsóknaraðstöðu og tvö skrifborð í GÍG við Skútustaði. Um er að ræða húsnæði þar sem Náttúruverndarstofnun er með flest starfsfólk og rekur gestastofu, en einnig eru fleiri aðilar með starfsaðstöðu í húsinu. Náttúrufræðistofnun rekur einnig Náttúrufræðistofnunarstöðina í gömlu uppgerðu húsnæði á Skútustöðum en þar er gístiaðstaða fyrir starfsfólk stöðvarinnar auk rannsóknar- og vinnuaðstöðu. Tveir til þrír starfsmenn eru með fasta starfsstöð á Skútustöðum frá maí fram í september ár hvert en enginn yfir vetrarmánuðina.

Raufarhöfn

Á Raufarhöfn er rekin rannsóknarstöðin RIF en hún er með aðsetur í barnaskólanum. Einn starfsmaður Náttúrufræðistofnunar deilir sameiginlegri aðstöðu með starfsmönnum sveitarfélagsins.

Breiðdalsvík

Á Breiðdalsvík er borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar. Þar eru tveir starfsmenn stofnunarinnar með starfsaðstöðu, en annað starfið er fjármagnað sameiginlega með rannsóknarsetri HÍ. Á Breiðdalsvík er vinnuaðstaða fyrir gesti og annað starfsfólk Náttúrufræðistofnunar.

Höfn í Hornafirði

Á Höfn í Hornafirði er rekið mælingahús. Húsið er fyrst og fremst tímabundin vinnuaðstaða fyrir mælingamenn og starfsfólk í útivinnu en enginn starfsmaður er þar með fasta starfsstöð. Í húsinu eru landmælingatæki, skrifstofuaðstaða, eldhús, baðherbergi og gistirými fyrir fjóra í tveimur kojuberbergjum.

Viðauki 2: Nánar um húsnæði Náttúruminjasafnsins

Bygggarðar 12, Seltjarnarnesi

Í maí 2025 flutti Náttúruminjasafnið nánast alla starfsemi að Bygggarðum 12 á Seltjarnarnesi. Áður leigði safnið skrifstofurými á Suðurlandsbraut og hafði safnkost í geymslum í Sundaborg og á Fiskislóð. Húsnæðið að Bygggarðum er iðnaðarhúsnæði og um 495 m² að stærð og er leigt af einkaaðila. Þar er að finna bæði varðveislurými fyrir safnkost og skrifstofurými fyrir starfsfólk. Allt starfsfólk NMSÍ hefur þar vinnuaðstöðu utan þess starfsmanns sem hefur starfstöð á Hvammstanga. Vinnuaðstaða er fyrir 12-15 manns í húsnæðinu. Listasafn Íslands leigir af NMSÍ geymslurými í hluta af húsnæðinu út apríl 2026.

Leiga húsnæðisins var hugsuð til bráðabirgða í stuttan tíma áður en starfsfólk og starfsemi myndi flytjast í nýtt húsnæði að Safnatröð. Húsnæðið er að lökum gæðum og hentar ekki til langframa hvorki fyrir starfsfólk né safnkost.

Safnatröð 5, Seltjarnarnesi

Að Safnatröð 5 er nýtt húsnæði sem ætlað var sem höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins. Þar eru sýningarsalir ásamt aðstöðu fyrir móttöku hópa, kennslustofa og fyrirlestrarsalur ásamt skrifstofuaðstöðu fyrir allt að níu manns. Heildarstæð nemur 1.363 fm².

Húsnæðið er á tveimur hæðum og sýningarsalir á þeim báðum. Á efri hæð, sem er 937 fm², er auk sýningarsals, sérsýningarrými, fyrirlestrarsalur, fræðslurými, skrifstofa, fundaherbergi, kaffiaðstaða fyrir starfsfólk, kaffi- og veitingaaðstaða fyrir gesti. Á neðri hæð, sem er 426 fm² er sýningarsalur, tæknirými og rannsóknarstofu ásamt geymslu. Ríkissjóður er eigandi hússins og fer FSRE með umsjón hússins. Áætluð árleg leiga hússins er 96 m.kr. Það athugast að húsið þjónar ekki hlutverki varðveisluhúsnæðis og því þarf safnið einnig að leigja hentugt varðveisluhúsnæði fyrir safnkost sinn. Þá ber húsnæðið eins og áður segir aðeins skrifstofuaðstöðu fyrir níu manns. Sé þörf fyrir fleiri sérfræðinga í starfsemi safnsins, sem telja má líklegt, þarf einnig að leigja skrifstofuaðstöðu fyrir það.

Sólvellir 21d, 760 Breiðdalsvík

Á Breiðdalsvík leigði Náttúruminjasafnið 27 m² geymslurými fyrir síðsteindasafn í húsnæði sem eitt sinn var frystihúsi staðarins. Leigunni hefur verið sagt upp frá og með 1. ágúst 2026 og þarf safnið ekki lengur á þessu húsnæði að halda.

Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

Einn starfsmaður Náttúruminjasafnsins hefur starfstöð á Hvammstanga þar sem er leigt skrifborðspláss. Starfsaðstaðan er til húsa á sama stað og Hafrannsóknastofnun og Háskólinn á Hólum eru með aðstöðu ásamt fleiri stofnunum og fyrirtækjum. Um er að ræða starfsmann sem er verkefnaráðinn (CAP-SHARE) og er um þriggja ára verkefni að ræða sem klárast í ágúst 2027.

Perlan, Varpahlíð 1, Reykjavík

Náttúruminjasafnið rekur sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* á 2. hæð Perlunnar. Sýningarrýmið er 340 fm² en hluti af því er sérsýningarrými sem kallast Dropinn. Samningur er í gildi um sýninguna til ársins 2033.

Viðauki 3: Matspættir

Stýrihópurinn lagði mat á eftirfarandi matspætti í SVÓT-greiningu:

Fagleg áhrif

- Rannsóknir
- Vöktun
- Safnahlutverk
- Miðlun og fræðsla

Fjárhagsleg áhrif

- Rekstur
- Stoðþjónusta
- Húsnæðismál
- Mögulegur sparnaður eða aukinn kostnaður

Stjórnsýsla og lagarammi

- Þörf á lagabreytingum
- Skýr ábyrgðarskipting
- Skipulag og stjórnun

Innleiðing og framkvæmdaráhætta

- Tímarammi
- Breytingastjórnun
- Áhætta á röskun starfsemi

Viðauki 4: Sjónarmið frá Safnaráði og höfuðsöfnum

Á fundi stýrihópsins með framkvæmdastjóra Safnaráðs og þjóðminjaverði sem fram fór 18. febrúar 2026 komu fram sjónarmið sem undirstrikuðu mikilvægi hlutverks Náttúruminjasafnsins sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða. Í 8. gr. safnalaga nr. 141/2011 kemur fram að höfuðsöfnin eru þrjú, þ.e. Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Þau eru miðstöð safnastarfsemi landsins hvert á sínu sviði. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna. Þá gegna höfuðsöfn einnig því hlutverki að auka þekkingu og færni starfsfólks síns og veita ráðgjöf til viðurkenndra safna. Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra sem og aðgengilegur til rannsókna.

Á fyrrnefndum fundi kom einnig fram að viðurkennd náttúruminjasöfn í landinu væru fjögur talsins en að samtals átta til tíu söfn hefðu starfsemi sem að hluta eða öllu leyti heyrði undir fagsvið Náttúruminjasafnsins.

Á framangreindum fundi var lögð áhersla á þetta mikilvæga hlutverk Náttúruminjasafnsins og að nauðsynlegt væri að hafa höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Safnastarf í landinu væri öflugt og tengslanet og faglegt samstarf safna væri mjög virkt. Hugsanleg stofnanasameining mætti ekki skapa rof í það faglega starf. Yrði að sameiningu Náttúruminjasafnsins inn í stærri stofnun telja fyrirsvarsmenn Safnaráðs og hinna tveggja höfuðsafnana mikilvægt að samfélagslegt hlutverk höfuðsafns á sviði náttúrufræða verði tryggt. Mikilvægt sé að virkt safnastarf haldist og ekki sé aðeins um að ræða „sýningarfront fyrir rannsóknarstofnun“.

Þá var lögð áhersla á að hlutverk Náttúruminjasafnsins sem stoð við menntakerfið héldist og yrði eft. Einnig var bent á að þverfaglegar rannsóknir með miðlun sem útgangspunktur, líkt og Náttúruminjasafnið og önnur söfn leggi áherslur á, séu annars eðlis en t.d. vöktunarrannsóknir Náttúrufræðistofnunar.

Á fundinum voru einnig ræddar áhyggjur af því að minni áhersla yrði á verkefni á sviði miðlunar og sýningarhalds, þ.e.a.s. að fjármagni yrði frekar veitt í rannsóknarverkefni sameinaðrar stofnunar fremur en miðlun og sýningar.

Viðauki 4: Sjónarmið frá Safnaráði og höfuðsöfnum



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Náttúruminjasafn Íslands Hugmyndir um sameiningu

**Safnaráð og höfuðsöfn
Fundur 18. febrúar 2026 með stýrihópi um mögulega
sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og
Náttúrufraeðistofnunar**

Hvað er safn - ICOM

- SAFNA
- SKRÁ
- VARÐVEITA
- RANNSAKA
- MIÐLA

„Safn er varanleg stofnun, ekki rekin í hagnaðarskyni, sem þjónar samfélaginu með rannsóknum, söfnun, varðveislu, túlkun og miðlun á áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð. Söfn eru opin almenningi, aðgengileg og inngildandi og stuðla með því að fjölbreytileika og sjálfbærni. Í starfi sínu og virkum samskiptum við ólíka samfélagshópa hafa þau fagmennsku og siðferðileg gildi að leiðarljósi og bjóða upp á margvíslegar upplifanir í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingarauka.“



Hlutverk höfuðsafna og safnaráðs



Höfuðsöfn – helstu verkefni

- Safnastarfið trónir efst
- Miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu sviði
- Stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila.
- Eiga að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna.
- Ráðgjöf til viðurkenndra safna
 - Fyrirlestrar og fræðsla
 - Ráðgjöf til einstakra safna

Safnaráð – helstu verkefni

- Safnasjóður
- Viðurkenning safna
 - staðfesting stofnskráa
- Eftirlit
 - Virkt fjórætt eftirlit með rekstri; húsakosti og aðbúnaði gripa; viðbragði við vá; skráningu.
 - Gerð skilmála og staðla
- Fræðsla um kröfur vegna viðurkenningar, eftirlits og viðbragðsáætla
 - Ráðgjöf fagaðila, námskeiðshald, fyrirlestrar, fræðslumyndbönd
- Önnur verkefni, s.s. Samráðsfundir, tölfræðisöfnun

Viðauki 4: Sjónarmið frá Safnaráði og höfuðsöfnum

Hlutverk höfuðsafna og safnaráðs



Samstarfs- og sameiginleg verkefni höfuðsafna og safnaráðs

- stefnumörkun um safnastarf
- samvinna og ráðgjöf vegna eftirlits
- ráðstöfun / förgun safngripa
- árlegur fundur safnaráðs og höfuðsafna
- ábyrgðarsöfn
- samræming og ráðgjöf vegna staðla og skilmála
- samráð um safnastarf
- yfirsýn um stefnumótun viðurkenndra safna
- samstarf og samvinna við innlenda og erlenda hagaðila
- fjölþætt önnur verkefni

4

Viðurkennd söfn




- 11 listasöfn
 - Höfuðsafn Listasafn Íslands
- 27 menningarminjasöfn
 - Höfuðsafn Þjóðminjasafn Íslands
 - Nokkur þar undir sem gætu flokkast undir blandaða starfsemi
- 4 náttúruminjasöfn
 - Höfuðsafn Náttúruminjasafn Íslands
- 4 söfn með blandaða starfsemi
 - Falla flest með einhverjum hætti undir öll höfuðsöfnin
- 46 viðurkennd söfn
 - 8-10 sem eru undir væng NMSÍ
- Um allt land
 - 13 höfuðborgarsvæði, 12 Norðurland, 6 Suðurland, 5 Vesturland, 4 Austurland, 3 Vestfirðir, 3 Suðurnes
- Eignarhald
 - 27-28 í eigu sveitarfélaga, 15-16 sjálfseignarstofnanir, 3 í eigu ríkis
- Mikill stærðar- og aðstöðumunur
 - 6,5 milljón - 1.140 mill.kr. rekstur pr ár
 - Litlu söfnin sérstaklega viðkvæm

5


Skipting á verkefnum safna – Eins árs verkefni 2020-2025



Fjöldi styrkja eftir tegund
Eins árs styrkir - heildarfjöldi 644 styrkir



Skipting heildarupphæðar eftir tegund
Eins árs styrkir - heildarupphæð 862 milljónir



6

Viðauki 4: Sjónarmið frá Safnaráði og höfuðsöfnum

Dæmi um verkefni höfuðsafns

Listasafn Íslands



TENGLVIÐ SAMFÉLAGIÐ

- Á safnið komu 96.140 gestir á síðasta ári
- 22% erlendir, 78% innlendir
- Þar af voru 8000 börn sem komu í söfnin og 300 börn sem heimsótt voru í gegnum fjarkennslu.
- Haldin voru 18 námskeið fyrir kennara á landsbyggðinni 2024/2025
- Haldin ein sýning úti á landi á hverju ári í samstarf við skólasamfélagið
- Haldnir eru 100 viðburðir á ári fyrir ólíka hópa. Fritt er inn á opnanir og Krakkaklúbbinn Krumma.
- Sérstakur verkefnastjóri samfélagsverkefna sinni fjölbreyttum höpum, meðal annars dagsþjálfun fyrir fólk með heilabilun, ólíkum höpum á vegum Rauða krossins og fleira.

RANNSÓKNIR:


- 2024-2025 var fylgt eftir nokkurra ára rannsóknarverkefni fræðsludeildar sem heitir SJÓNARAFL. Á grunni þess hafa verið gerðar þrjár kennslubækur ætlaðar kennurum, Sjónarafl (grunnrannsókn, 2023), Ísabrot (áhersla á umhverfismál, 2024) og Stattu og vertu að steini (2026, íslenska og íslenska2).
- Dæmi um aðra rannsókn sem sprettur innan úr safninu og safnskóstinum og endaði með sýningu er Ráðgátan um rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir sem byggði á rannsóknarvinnu tveggja sérfræðinga sem stóð í tvö ár.
- Nú eru tveir doktorsnemar sem vinna með safneignina en verkefnið er í samstarfi við LHÍ og HÍ. Safnið fékk nýlega 1 milljón evru styrk frá Creative Europe til að vinna að rannsókn og samstarfi fimm landa á forvörslu tímategndra miðla.
- Útgefnar sýningarskrár eru 1 - 3 á hverju ári.

7

Verkefni höfuðsafns

Þjóðminjasafn Íslands





Menntaverkefna

8

Mikilvægt að standa vörð um ef til sameiningar kemur



- Samfélagslegt höfuðsafnahlutverk haldist
 - Safnið á ekki að vera bara sýningarfrontur fyrir rannsóknarstofnun. Mikilvægt að virkt safnastarf haldist
- Tengslanet safna tapist ekki, ráðgefandi hlutverk gagnvart viðurkenndum söfnum haldist
- Tengsl náttúrunnar inn í menningargeirann haldist

**NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS**

52

Viðauki 4: Sjónarmið frá Safnaráði og höfuðsöfnum

Mikilvægt að standa vörð um ef til sameiningar kemur



- Náttúruminjasafn sem stoð við menntakerfið haldist og eflist
- Miðlun lendi ekki í samkeppni um fjármuni við vöktunarrannsóknir og verði fórnað ef tap verður af sýningarhaldi
 - Aðskilin fjármál?
 - Sértekjur NMSÍ haldist innan safnahlutans
- Þverfaglegar rannsóknir með miðlun sem útgangspunktur fái að haldast enda eru þessar rannsóknir annars eðlis en vöktunarrannsóknir Náttúrufræðistofnunar



NÁTTÚRUMINJASAFN
ÍSLANDS

10

Gestir, gildi og gagnvirkni - hvað knýr þróun safna í dag?



Undanfarin ár hafa söfn í auknum mæli þurft að endurskilgreina hlutverk sitt í samfélögum þar sem væntingar gesta hafa breyst, samkeppni um athygli er hörd og fjármögnun og stjórnsýsluumhverfi getur verið áskorun.

Áherslur hafa færst frá því fyrir síðustu aldamót frá því að safnið sé fyrst og fremst varðveisl- og sýningarstaður muna yfir í að vera lifandi vettvangur upplifunar, samtals, menntunar og samfélagslegrar þátttöku.

Við sjáum nú að stafræn þróun, vaxandi áhersla á réttlæti og siðferði, jafnt aðgengi fólks, lýðfræðilegar breytingar í samfélögum, umverfismál og sjálfbærni kallar á ný vinnubrögð í starfsemi safna ásamt því að finna nýjar leiðir til að ná til fólks sem annars kemur ekki.

11

Þróun safna frh.



Þjóðfélag, menntun og tengsl við nýjar kynslóðir

- Til að ná til yngri kynslóða þarf að nota þeirra samskiptamata og fylgja samtalínu eftir.
- Til að fræða þarf að vera virkur hluti af menntakerfinu (samstarf við skóla, námsefni, vettvangsnám).
- Kallað eftir meiri samvinnu út á við (með stofnunum, grasrót, fyrirtækjum, einstaklingum).
- Aukið vægi efnis sem tengist samfélagslegri umræðu, siðfræði og ábyrgð. Þróun fræðsluefnis.

Stjórnsýsla, fjármögnun og stofnanarammi

- Stefna um sameiningu safna (museum merging).
- Sameiningar sem geta breytt starfsumhverfi, forgangsroðun og sjálfsmynd.
- Samkeppni og togstreita um opinbert fjármagn; niðurskurður og óvissa.
- Hætta á „einangrun“ með stöðugt þyngri takmörkunum á láni muna milli landa.

Starfshættir, rými og útivist

- Starfsemi fer meira út fyrir húsakynni safnsins (í hverfi, skóla, opin rými, samstarfsverkefni).
- Takmarkanir á flutningi muna úr söfnum (flutningar/lán verða erfiðari og dýrari).

12

Viðauki 4: Sjónarmið frá Safnaráði og höfuðsöfnum

Þróun safna frh.



Samkeppni, staða safna og upplifun gesta

- Söfn færast meira í átt að ferðaþjónustu sem „sýningargluggar“ þjóðar/svæðis.
- „Rótlausari“/hreyfanlegri gestir velja besta staðinn hverju sinni. Það skiptir minna máli hvort það er safn eða eitthvað annað. (Söfn eru í samkeppni um tíma fólks).
- Aðrar menningarstofnanir eða aðrir staðir bjóða sýningar og dagskrá á svipaðan hátt og söfn hafa gert.
- Þörf fyrir skýrara vörumerki og sjálfsmynd (t.d. þjóðlegt/staðbundið), og meiri sérhæfingu, sérstaklega hjá smærri söfnum.
- Áherslan færir frá faglegu/fræðilegu vægi einvörðungu yfir í upplifun og heimsókn gesta (gestamiðaðri nálgun).
- Frá gripum yfir í upplifun: minni áhersla á „hlutinn sjálfan“, meiri á sögu, samhengi, þátttöku og upplifun.

Stafræn umbreyting og ríkari leiðir til dreifingar


- Stafrænn aðgangur verður viðtækari og eykst enn.
- Dreifileiðir eru ekki lengur einar eða „einsleitir“ - fleiri rásir og fleiri vettvangar (opinberir og einkareknir).
- Spenna/jafnvægi milli opinberra og einkarekinna stafræna vettvanga.

Staðbundin dýpt og gildi nærumhverfis

- Gildi felst í að fara dýpra í hið staðbundna (stað, samfélag, minningar, tengsl og sérkenni).
- Ásókn í að sjá „ekta“.

13

Sentomus Evrópukönnunin: Af hverju ferðu í safn?



Niðurstöðurnar byggja á spurningakönnun sem tekin var í söfnum í (150+ söfn; 51.000+ svarendur í 7 löndum, 06/2023-04/2024) og endurspeglar því fyrst og fremst gesti og 'non-visitors' þessara safna. Ekki slembiúrtak.

14

Íslenskar kannanir



Inní spurningavagni Gallup frá 2024

- Hversu oft ferðu í safn á Íslandi.
- Hver er ástæða þess að þú ferð í Þjóðminjasafnið?

15



Dagsetning 18. nóvember 2025
Málsnúmer MNH25060158

Skipun í stýrihóp um sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra skipar yður hér með í stýrihóp um mögulega sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar. Hlutverk hópsins er að gera frumathugun á mögulegri sameiningu stofnananna. Nánar til tekið er hlutverk hópsins að:

- Greina starfsumhverfi stofnananna og draga saman grunnupplýsingar s.s. um mannauðsmál, húsnæðismál, upplýsingatækni, fjármál o.fl.
- Meta rekstrarleg, fagleg og samfélagsleg rök fyrir sameiningu
- Meta áhrif sameiningar á starfsemi beggja stofnana
- Taka saman helstu álitamál
- Gera tillögu til ráðherra um næstu skref

Óskað er eftir að hópurinn skili ráðherra skriflegri skýrslu og tillögum eigi síðar en 31. mars 2026. Skipunartímabil er frá 14. nóvember 2025 til 31. maí 2026. Ráðherra óskar að þú takir sætur í stýrihópnum þann tíma sem þú gegnir embætti forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands.


Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Vilhelmina Jónsdóttir	tilnefnd af menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra
Magnús Guðmundsson	tilnefndur af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Eydís Lindal Finnbogadóttir	tilnefnd af Náttúrufræðistofnun
Ragnhildur Guðmundsdóttir	tilnefnd af Náttúruminjasafni Íslands

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í stýrihópnum. Hópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins.

F.h. ráðherra,


Sigrún Brynja Einarssdóttir


Arna Kristín Einarsdóttir

Bókun Náttúruminjasafns Íslands við frumathugun vegna sameiningar Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands

Náttúruminjasafn Íslands (NMSÍ) er höfuðsafn á sviði náttúrufræði og var stofnað með lögum árið 2007. Með þessu var í raun safnahlutinn klofinn frá náttúrufarsrannsóknunum Náttúrufræðistofnunar (NÁTT). Eins og fram kemur í inngangi og sögulegum bakgrunni frumathugunarskýrslunnar hefur kerfisbundið hallað á sýningar og safnahlutann í gegnum tíðina með þeim afleiðingum að ekki er til staðar Náttúruminjasafn á Íslandi í viðunandi horfi en hefði með réttu átt að standa frá upphafi jafnfætis Þjóðminjasafni og Listasafni. Eins og sagan ber með sér auðnaðist NÁTT ekki að gera vel úr garði almenningsfræðslu með sýningarhaldi og móttöku skólahópa en tryggja þarf með öllum úrræðum að til takist nú ef af sameiningu verður.

Vil ég nefna nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga við ákvarðanatöku í þessu máli:

- Ef til nánara samstarfs eða sameiningar kemur er mikilvægt að staðið verði vörð um safnahlutann og það tryggt að NMSÍ opni sem höfuðsafn í Náttúruhúsi í Nesi líkt og unnið hefur verið að síðan 2019. Þetta krefst aukins fjármagns til innviða og starfsmannahalds, sem og stjórnskipunar og rekstrarfyrirkomulags sem skapa forsendur fyrir ákveðnu sjálfstæði í fjármálum og áætlanagerð. Ef þetta yrði ekki tryggt er hættu á að framhald verði á 100 ára sorgarsögu NMSÍ og ekkert verði af fyrirætlunum þeim sem starfsfólk NMSÍ hefur unnið að síðastliðin sjö ár.
- Tryggja verður að rekstur sýningarhalds verði ekki boðinn út. Í ljósi reynslunnar af samstarfi við hagnaðardrifið einkahlutafélag líkt og NMSÍ hefur komið að með Perlu Norðursins frá 2018 í Perlunni er full ástæða til að vara við slíku fyrirkomulagi og tryggja þarf að ekki verði farin sú leið varðandi sýningarrekstur ef af sameiningu verður. Höfuðsöfn og viðurkennd söfn starfa samkvæmt lögum og eru ekki hagnaðardrifin, þau hafa lögbundin hlutverk og skyldur sem felast í söfnun, skráningu og varðveislu muna sem og fræðsluskyldu og móttöku skólahópa endurgjaldslaust. Af fenginni reynslu er mjög erfitt að keyra þessa starfsemi samhliða.
- Rekstur NÁTT er eðlisólíkur rekstri NMSÍ en annars vegar er um að ræða rannsóknarstofnun og hins vegar höfuðsafn sem starfar eftir siðareglum Alþjóða Safnaráðsins ICOM. Möguleg sameining fæli í sér hreina viðbót fyrir NÁTT sem þyrfti að setja sig inn í og vinna eftir áherslum og kröfum safnastarfs þar sem eðli reksturs og málefnasvið eru önnur.
- NÁTT vinnur nær eingöngu með landræn vistkerfi á meðan NMSÍ vinnur með náttúruna í heild, þ.e. land, haf og ferskvatn. Náð samstarf við aðrar rannsóknarstofnanir sem hafa með málefni náttúrunnar að gera líkt og Hafrannsóknarstofnun, Land og skóg, Matís, Náttúruverndarstofnun, háskólana o.s.fr. þyrfti enn að vera til staðar. Mikilvægt er að tryggja að NMSÍ muni ekki eingöngu standa fyrir sýningum á málefnasviði NÁTT heldur þjóna náttúrunni í heild.

Viðauki 6: Bókun

- Færa má rök fyrir því að meira rekstrarlegt hagræði væri af nánun samstarfi eða sameiningu NMSÍ við eðlislíkar stofnanir líkt og Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Mikil samlegðaráhrif eru varðandi rekstur og fjármál, gagnagrunna sem eru þeir sömu milli safna (SARPUR), varðveislu gripa, sýningarhald, miðlun til almennings, markaðsmál og svo mætti lengi telja. Rétt væri að skoða þennan kost betur.

Sameining við hin höfuðsöfnin myndi mjög líklega styrkja safnastarf í landinu.

Vinnan sem liggur að baki þessari frumathugun hefur verið mjög gagnleg og leitt mikilvæg atriði í ljós sem ég stend í öllum aðalatriðum við. Að mínu mati þarfnast ýmsir þættir og möguleikar þó nánari skoðunar, sérstaklega með tilliti til langtíma mikilvægis höfuðsafns um íslenska náttúru. Í ljósi þessa tel ég mér skylt að draga sérstaklega fram þau atriði sem hér eru nefnd að ofan með það að markmiði að tryggja sem best hagsmuni safnsins og hlutverk þess fyrir menningu þjóðarinnar og allra framtíðargesti NMSÍ.

Ragnhildur Guðmundsdóttir
Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands
Seltjarnarnes, 13. apríl 2026

